

**Sp.**

## **643. Skýrsla**

menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (samkv. beiðni á þskj. 388).

### **Efnisyfirlit**

Inngangur.

1. Hagur og staða.
2. Framtíðaráform útvarps og sjónvarps.
3. Hvernig verður halli undanfarinna ára greiddur?
4. Fjármögnun nýrrar langbylgjustöðvar.
5. Fjármögnun útvarpshúss.
6. Húsnæðisvandinn næstu ár.
7. Áætlanir um styrkingu dreifikerfis.
8. Fjárhagslegir þættir sjónvarpssambands um gervitungl.
9. Hvenær ná stereo-útsendingar til landsins alls?
10. Önnur útvarpsrás eða landshlutaútvarp.

### **Inngangur.**

Skýrsla þessi er samin í tilefni af beiðni 10 alþingismanna um skýrslu frá menntamálaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins, sbr. þskj. 388.

Með bréfi til útvarpsstjóra, dags. 6. febr. 1981, óskaði ráðherra eftir aðstoð útvarpsstjóra við samningu skýrslunnar. Var sú aðstoð að sjálfsögðu fúslega í té látin, en skömmu síðar veiktist útvarpsstjóri og hefur verið frá vinnu síðan. Olli það töfum á skýrslugerðinni meiri en æskilegt getur talist.

Efnistöð eru þau, að fyrirspurninni er skipt í tíu liði. Fjallað er um hvern lið sérstaklega í stuttu máli og vísað til fylgiskjala, sem eiga við hvern lið.

Fylgiskjöl eru í röð aftast í skýrslunni. Fyrst eru þau sem eiga við lið eitt, en hann er víðfeðmastur, og því er í seinni liðum vísað til fylgiskjala fremst, þar sem þau voru flokkuð undir lið eitt.

### **1. Hagur og staða.**

(Fylgiskjöl: 1.1 til 1.22.)

Ríkisútvarpið var rekið með halla allan fyrri hluta áttunda áratugsins. Tvö árin stóð rekstur hljóðvarps í járnum eða skilaði afgangi, en rekstrarstaða sjónvarps var verulega neikvæð öll árin.

Á árunum 1976 — 1978 er dæminu snúið við og 1978 verður verulegur tekjuafgangur. Skýringin á þessum bata á sér tvær rætur: aðra í auknum afnotagjöldum og hina í hækkun tolltekna.

Ríkissjóður stóð Ríkisútvarpinu ekki skil á öllum tolltekjum á árunum 1976 — 78, en mjög mikill innflutningur sjónvarpstækja vegna litvæðingar í sjónvarpi varð til þess, að sá hluti, sem þó var skilað, hækkaði frá ári til árs. Árið 1979 eru tolltekjur greiddar Ríkisútvarpi í fyrsta skipti um nokkurt skeið lægri að raungildi en árið á undan og árið 1980 eru þær engar. Bæði þessi ár varð þó veruleg hækkun tolltekna í heild.

Afnotagjöld voru ekki samstiga verðlagi á árunum 1979 og 1980 og jók það enn á vanda Ríkisútvarpsins.

Frá árinu 1978 hafa auglýsingataxtar verið hækkaðir verulega umfram verðlagsþróun og hefur það leitt til þess, að hlutdeild auglýsinga í tekjum stofnunarinnar hefur farið jafnt stígandi. Tekjur af auglýsingum hækkuðu þannig um 79.5% milli árana 1979 — 80, úr 33% af heildartekjum í 40%.

Afleiðingar af framangreindri þróun sjást skýrast í niðurstöðu rekstrarreikninga fyrir árin 1979 og 1980, sem er hallarekstur að upphæð um 20 m.kr. á verðlagi ársins 1981.

Sérstök 10% hækkun afnotagjalda mundi nægja til að rétta þennan halla á næstu fimm árum.

## **2. Framtíðaráform útvarps og sjónvarps.**

(Fylgiskjöl: 1.4., 1.8., 1.9., 1.10., 1.13., 1.14., 1.22.)

Markmiðum þeim, sem að er stefnt í rekstri Ríkisútvarpsins, er lýst í 2. og 3. gr. 1. kafla útvarpslaga, sem gefin voru út 5. apríl 1971.

Skemmri stefnumörkun kemur fram í rekstrar- og fjárfestingaráætlunum, sem gerðar eru til þriggja og fimm ára. Fylgiskjal nr. 1.22. sýnir áætlanir um kaup á tækjum og búnaði til upptöku, útsendingar o. fl. í útvarpi og sjónvarpi annars vegar og ráðgerðar stofnframkvæmdir í dreifikerfi hins vegar. Fjárfesting í tækjakosti sjónvarps og hljóðvarps stefnir að lágmarksviðhaldi og endurnýjun, þar til flutt verður í nýtt hús. Tillit er tekið til tækniþróunar (myndbönd komi í stað filmu o. s. frv.) og þess, að búnaður nýtist eðlilega við nýja starfsaðstöðu. Að loknum framkvæmdum árið 1981 verður frekari uppbygging dreifikerfis sjónvarps mjög dýr, miðað við fjölda notenda á hvern sendi.

Fjármáladeild hefur með hjálp fjárlaga- og hagsýslustofnunar unnið að ýmiss konar hagræðingu og endurskipulagningu um eins árs skeið. Markmiðið með þessu starfi er að gera allt fjárhagslegt eftirlit virkara (sjá meðfylgjandi greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fskj. 1.4.).

Gerðar hafa verið breytingar á bókhaldi. Fjárhagsáætlanir verða unnar í samráði við deildarstjóra, þannig að hver deild fái ákveðna fjárhæð til ráðstöfunar. Þá hafa verið lögð drög að framleiðsluáætlun til árs í senn, en stefnt er að því, að allar rekstraráætlanir verði til lengri tíma. Starf þetta stefnir að því að koma á fót kerfi, sem gefi sem skýrasta mynd af stöðu og horfum í starfsemi stofnunarinnar og stuðli þar með að betri stjórn hennar.

## **3. Hvernig verður halli undanfarinna ára greiddur?**

(Fylgiskjal: 1.3.)

Orsök hallarekstrar 1979 og 1980 er skýrð í fylgiskjali nr. 1.3.: Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.

Svo sem vikið er að í svari við fyrstu spurningu, er unnt með tekjum af sérstakri 10% hækkun afnotagjalda að greiða halla árunum 1979 og 1980 niður á 5 árum. Ríkisútvarpið hefur tekið lán til að mæta umræddum hallarekstri. Þau lán þarf að greiða upp á árunum 1981 — 1983. Verði framangreind leið valin, þarf á árinu 1983 að útvega nýtt lán til tveggja ára.

## **4. Fjármögnun nýrrar langbylgjustöðvar.**

(Fylgiskjöl: 4.1. til 4.4.)

Ný langbylgjustöð, sem byggð yrði á tveim til þrem árum og hefði 500 kw sendistyrk, kostar u. þ. b. 50 m.kr.

Fjármögnun þarf að langmestu leyti að koma utan að, þar sem stofnunin hefur ekki bolmagn til þess að veita, svo nokkru nemi, af eigin fé til þessarar framkvæmdar.

Hlutur Ríkisútvarpsins í öryggismálum þjóðarinnar hlýtur einnig að setja sitt mark á fjármögnunina, t. d. í formi framlags úr ríkissjóði til öryggismála.

Norðmenn leggja sérstakt 17.5% stimpilgjald á heildsöluverð hljómflutningstækja. Á fylgiskjali 4.2. er yfirlit um innflutning hljómflutningstækja til Íslands. Vörugjald (30%) af þessum innflutningi, sem rynni til framkvæmdasjóðs langbylgjustöðvar, mundi skila um sjö og hálfri milljón króna á ári á verðlagi áramóta 1980/81.

## **5. Fjármögnun útvarpshúss.**

(Fylgiskjöl: 5.1. til 5.5.)

Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins fjármagnar byggingu útvarpshúss. Tekjur hans eru 10% af afnotagjalda- og auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Fyrsta byggingaráfanga, sem innréttaður verður fyrir hljóðvarp og sjónvarp, á að verða lokið um áramót 1986/87. (Sjá fskj. 5.5.)

Heildarkostnaður er áætlaður rúmar 93 m.kr. Tekjur framkvæmdasjóðs, að viðbætti núverandi eign, verða þá um 78 m.kr. Til þess að brúa það bil, sem á vantar, er ráðgert að selja húseign Ríkisútvarpsins að Laugavegi 176. Söluverð er áætlað 18 m.kr. (byggingarvísit. 626).

Miðað við þann framkvæmdahraða, sem fram kemur á fskj. 5.5., og þá fjármögnun, sem fram kemur á fskj. 5.1., þarf að útvega 4 m.kr. lán til þriggja ára árið 1984 og 8 m.kr. lán til tveggja ára árið 1985. Þegar þessi lán hafa verið endurgreidd á árinu 1987 er gert ráð fyrir að í framkvæmdasjóði verði um 2 m.kr.

## **6. Húsnæðisvandinn næstu ár.**

Eins og alkunna er, hefur hljóðvarpið alla tíð orðið að búa við þröngt og óhagkvæmt leiguhúsnæði.

Við upphaf sjónvarps hérlendis keypti Ríkisútvarpið hluta í húseigninni að Laugavegi 176 í Reykjavík. Nýlega var gengið frá kaupum á síðasta hluta hússins, þannig að Ríkisútvarpið á eignina alla frá 1. maí n. k. að telja.

Það húsnæði, sem stofnunin hefur haft til umráða undanfarin ár og áratugi, verður látið nægja, uns flutt verður í nýtt sérbyggt hús fyrir starfsemina.

## **7. Áætlanir um styrkingu dreifikerfis.**

(Fylgiskjöl: 1.9. og 1.13.)

Á fylgiskjölum 1.9. og 1.13. eru áætlanir um framkvæmdir í dreifikerfi útvarps og sjónvarps á þessu ári (1981).

Ráðgerð fjárfesting í FM-sendum fyrir hljóðvarp er 1.37 millj. kr. Samþykkt hefur verið áætlun um dreifikerfi sjónvarps, allt að 7940 þús. kr.

Umræddar stofnframkvæmdir eru háðar því skilyrði, að afkastageta til framkvæmda og fjármagn til viðbótar afskriftum á aðgengilegum kjörum hrökkvi til.

## **8. Fjárhagslegir þættir sjónvarpssambands um gervitungl.**

(Fylgiskjal: 8.1.)

Jarðstöðin Skyggnir við Úlfarsfell í Mosfellssveit gerir nú kleift að taka á móti og senda sjónvarpsefni til annarra landa. Póst- og símamálastofnun hefur keypt nauðsynlegan búnað í stöðina til flutnings sjónvarpsefnis.

Sjónvarpsefni verður flutt á örbylgju til Múlastöðvar Landssímans og þaðan til sjónvarpsstöðvar að Laugavegi 176 eftir jarðkapli sem þegar er til staðar.

Móttaka efnisins í sjónvarpshúsi hefur verið undirbúin, en stofnkostnaður Ríkisútvarpsins við að koma sambandinu á er áætlaður um 5 m.kr.

Rekstrarkostnaður tengingarinnar er þrjúþættur: Greiðsla fyrir efnið, greiðsla fyrir flutning efnis og kostnaður vegna sérstaks mannhalds, en talið er að ráða þurfi tvo menn til sjónvarpsins til þess að sinna móttöku efnis í sjónvarpshúsinu. Árleg greiðsla fyrir efnið er áætluð 150 þús. kr. (sbr. fskj. 8.1).

Kostnaði fyrir flutning á efninu má skipta í þrjú liði:

— Fyrir sendingu upp í gervihnött, greitt til Evrópusambands útvarpsstöðva um 360 þús. kr. á ári.

— Fyrir móttöku frá gervihnetti, greitt Landssíma Íslands 3300 þús. kr. á ári.

— Fyrir flutning frá jarðstöð í sjónvarpsstöð er rekstrarkostnaður óviss ennþá.

Árlegur kostnaður vegna mannhalds er áætlaður 300 þús. kr.

Eins og að framan segir er fjárfesting áætluð um 5 m. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 4 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1981, auk rekstrarkostnaðar við lið 3.

Verði sú leið valin að leggja kostnað vegna gervihnattasendinga sjónvarpsefnis á stofn afnotagjalda, þyrfti afnotagjald að hækka um 80 kr. þess vegna.

## 9. Hvenær ná stereo-útsendingar til landsins alls?

Undirbúningur að tvírása- eða stereoflutningi útvarpsefnis til Norður- og Austurlands er í gangi. Mun sá flutningur ná til allra staða, sem njóta FM-sendinga.

Talið er, að það muni taka u. þ. b. eitt ár að breyta dagskrárásam í tvírása kerfi. Ákveðið er, að dreifikerfi sjónvarps verði notað til flutnings stereo-útvarps til Norður- og Austurlands og verður til þess beitt nýjustu tækni (svonefndri digital-aðferð). Lausleg áætlun um kostnað viðtækjabúnaðar nemur um 2 m.kr., þar af aðflutningsgjöld 1.2 m.kr.

Kostnaður innanlands við uppsetningu o. fl. er talinn muni nema 200 — 300 þús. kr.

Uppbygging FM-kerfis hér á landi er engan veginn lokið, en slíkt kerfi er forsenda þess, að tvírása dreifing nái til allra byggðra býla. Bifreiðar, bátar og skip hafa mjög takmarkaða möguleika á tvírása móttöku, og gildir hið sama um móttöku þessara farartækja á útsendingu sem endurvarpað væri um gervihnött, þó af öðrum orsökum sé.

## 10. Önnur útvarpsrás eða landshlutaútvarp.

Enginn undirbúningur er í gangi um útsendingu á annarri hljóðvarpsrás og sérstakt landshlutaútvarp er ekki heldur í undirbúningi eða fyrirhugað á næstunni. Núverandi tekjustofnar Ríkisútvarpsins nægja ekki til tvöföldunar á dreifikerfi hljóðvarps eða til þess að koma á fót landshlutastöðvum og reka þær.

Ný útvarpsrás kallar á tvöföldun á dagskrárútsendingu. Einfaldasta og ódýrasta lausnin væri að kljúfa núverandi dreifikerfi þannig að FM-sendar mynduðu aðra rásina, en lang- og millibylgja hina. Þetta virðist þó með öllu óraunhæft í framkvæmd, þar sem ultrabylgja, miðbylgja og langbylgja mynda heild í dreifikerfi hljóðvarps, sem naumast má rjúfa.

Önnur og raunhæfari lausn væri að byggja upp nýtt FM-kerfi, en FM-sendar gera útsendingu á tveimur tímum mögulega. Aðstaða er að nokkru fyrir hendi, svo sem rafmagn, hús o. fl. Að öðru leyti þyrfti að tvöfalda kerfið.

Augljóst er, að hér er um gífurlega fjárfrekar framkvæmdir að ræða. Dreifikerfi sjónvarps er byggt upp af 111 stöðvum og talið er að þær nái til um 98% landsmanna. Áætlað er hins vegar að FM-sendar hljóðvarps verði 36 talsins í árslok 1981. Til þess að FM-sendar (ultrabylgja) þjóni jafnstóru svæði og dreifikerfi sjónvarps, þyrfti u. þ. b. að tvöfalda fjölda þeirra. Flestir þessir sendar yrðu 10 wött, en hver slík stöð kostar 150 — 200 þús. kr.

**Landshlutaútvarp.** Eins og áður er sagt, hefur engin athugun verið gerð eða ákvörðun tekin um uppbyggingu landshlutaútvarps. Tæknilegir möguleikar eru þeir, að frá árinu 1975 liggur fyrir úthlutun alþjóðafjarskiptastofnunarinnar í Genf á miðbylgjutíðni fyrir 1 kw

YFIRLIT REKSTRARREIKNINGA SJÓNVARPS 1971 - 1980.

FYLGISKJAL 1. 1.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
1)										
<u>Tekjur:</u>										
Afnotagjöld	120,8	143,0	184,4	286,8	436,0	645,2	803,7	1.243,2	1.810,1	2.858,4
Auglýsingar (= söluskattur)	24,3	26,4	33,4	55,5	107,5	129,9	140,1	258,1	439,6	914,0
Aðflutningsgjöld	24,0	24,7	34,7	38,2	68,4	87,8	291,0	590,0	340,0	45,2
Aðrar tekjur (= söluskattur)	0,9	0,9	2,3	3,7	5,4	6,5	5,7	21,4	36,2	50,5
Tekjur alls:	170,0	195,0	254,8	384,2	617,3	869,4	1.240,5	2.112,7	2.625,9	3.868,1
Til framkvæmdasjóðs		8,5	11,0	17,3	27,4	39,0	47,4	76,1	171,4	382,1
Tap (= hagnaður)	10,9	43,8	60,8	93,3	76,5	+ 2,3	+ 32,3	+ 208,5	358,5	1.133,9
	180,9	230,3	304,6	460,2	666,4	828,1	1.160,8	1.828,1	2.813,0	4.619,9
<u>Gjöld:</u>										
Laun og launatengd gjöld	51,5	68,9	90,0	149,6	171,3	238,4				
Dagskrárkostnaður	32,0	42,7	60,5	85,9	116,5	156,0	294,2	487,3	742,5	1.170,3
Tekniðeild	12,9	14,2	18,5	22,0	32,5	47,8	191,2	316,9	488,2	732,7
Sviðsmyndadeild	4,2	3,5	4,2	7,4	6,9	7,9	52,0	100,0	125,1	281,1
Rekstur dreifikerfis	11,2	12,5	17,2	18,3	43,7	40,4	83,0	121,3	174,6	312,4
Vextir stofnsjóðs	2,8	6,0	8,9	10,6	30,8	9,2	15,4	4,7	31,4	37,3
Afskriftir dreifikerfis	39,8	48,3	60,8	100,4	165,1	228,3	327,4	500,0	686,8	1.145,5
Önnur rekstrargjöld	26,5	34,2	44,5	66,0	99,6	100,1	197,6	297,9	564,4	940,6
	180,9	230,3	304,6	460,2	666,4	828,1	1.160,8	1.828,1	2.813,0	4.619,9

1) Bókhaldslykli var breytt 1977.

Laun færð inn í kostnað deilda.

Allar upphæðir í millj.g.kr.

FYLGISKJAL 1. 2.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
1)										
<u>Tekjur:</u>										
Afnotagjöld	69,8	76,3	116,1	153,9	235,3	346,4	420,0	629,2	871,4	1.323,7
Auglýsingar (+ söluskattur)	49,8	68,6	77,2	134,0	186,3	265,6	340,2	592,3	830,8	1.322,9
Aðrar tekjur (+ söluskattur)	1,4	1,5	2,0	4,1	4,5	8,2	8,4	25,8	46,3	97,4
Tekjur alls:	121,0	146,4	195,3	292,0	426,1	620,2	768,6	1.247,3	1.748,5	2.744,0
Til framkvæmdasjóðs		7,3	9,8	14,6	21,3	31,0	38,4	62,4	131,0	271,3
Tap (+: Hagnaður)	6,8	10,1	+ 0,5	26,9	+ 17,3	- 82,0	+ 7,3	+ 71,6	86,0	196,2
	127,8	149,2	185,0	304,3	387,5	507,2	722,9	1.113,3	1.703,5	2.668,9
<u>Gjöld:</u>										
Laun og launatengd gjöld	53,1	66,9	80,8	126,6	151,9	185,2				
Dagskrárkostnaður	37,2	45,5	57,0	86,2	112,8	152,6	337,6	541,5	844,7	1.288,3
Tækniðeild	4,6	2,9	8,5	12,5	14,9	21,2	92,5	130,7	208,4	332,5
Rekstur dreifikerfis	10,8	12,6	14,3	25,2	29,0	47,6	55,2	94,5	114,9	189,3
Önnur rekstrargjöld	33,7	39,4	41,3	80,4	124,5	147,0	237,6	346,6	535,5	858,8
+ framlag sjónvarps	11,6	18,1	16,9	26,6	45,6	46,4				
	127,8	149,2	185,0	304,3	387,5	507,2	722,9	1.113,3	1.703,5	2.668,9

1) Bókhaldslykli var breytt 1977.  
Laun færð inn í kostnað deilda.

Allar upphæðir í millj. g.kr.

senda. Stöðvar þessar eru með AM-hljómgæðum. Langdrægi slíkra senda er mjög takmarkað, sérstaklega í dimmu, vegna truflana erlendis frá.

Hagkvæmasta lausn á landshlutastöðvum er vafalaust sú, að fá sérstaka tíðniúthlutun fyrir FM-senda.

### Fylgiskjal 1.3.

#### **Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.**

Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til uppbyggingar dreifikerfis og tækjakaupa í sjónvarpsstöð. Tolltekjur færðu sjónvarpi nær helmingi tekna sinna fyrstu árin og voru þær nánast allar tekjur stofnsjóðs. Þær runnu óskiptar til sjónvarps til ársins 1977, en þá var um 89% þeirra skilað. Með innflutningi litsjónvarpstækja frá árinu 1977 hækkuðu tolltekjur mjög ört. Kom þetta sér vel, þar sem mikil og fjárfrek verkefni biðu í uppbyggingu dreifikerfis um allt land. Litvæðing sjónvarpsstöðvarinnar var þá einnig í miðjum klíðum og mikill búnaður ókeyptur til hennar. Stórauknar tolltekjur af sjónvarpstækjum vöktu hins vegar athygli fjármálaráðuneytis. Breyting hafði verið gerð á lögum um tollskrá 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tl.). Þar er fjármálaráðuneyti heimilað „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps“.

Heimildarákvæði þetta var fellt brott við endurskoðun, sem gerð var á tollalögum árið 1976.

Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherra náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins, meðan báðir voru ráðherrar. Við það samkomulag var þó ekki að fullu staðið, eins og sést af yfirliti hér neðar.

Eftirfarandi tafla sýnir aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og loftnetum og hver skil hafa verið 1977 — 1980.

	Tekjur	Skilað RUV í millj. g.kr.	Útistandandi
1977 .....	609,4	541,0	68,4
1978 .....	1 175,9	340,0	835,9
1979 .....	1 057,4	340,0	717,4
1980 .....	1 414,7	0,0	1 414,7
	4 257,4	1 221,0	3 036,4

Árið 1979 var Ríkisútvarpinu gert að taka lán í dollurum, andvirði 300 millj. ísl. króna. Árið 1980 var á sama hátt tekið 270 millj. króna innlent lán til fjármögnunar framkvæmda í dreifikerfi. Á þessu ári (1981) er enn ráðgert að halda sömu braut og taka 4 millj. nýkróna lán til stofnframkvæmda í dreifikerfi.

Yfirstjórn Ríkisútvarpsins hefur varað við því, að hlaða upp lánunum til framkvæmda, meðan rekstur er jafnþungur og raun ber vitni síðastliðin tvö ár. Yfirstjórn Ríkisútvarpsins lítur einnig svo á, að lán þessi komi sem hlutagreiðsla tolltekna, vegna árána 1977 — 1980, sem enn eru óuppgerðar, enda hefur ráðuneytisstjóri fjármála skuldbundið ríkissjóð til þess að greiða vexti og afborganir af framangreindum lánunum. Jafnframt hefur verið bent á, að Ríkisútvarpið býr við erfið kjör í kaupum á sendum, endurvarpsstöðvum og öðrum búnaði, þar sem það þarf almennt að greiða 120% — 130% aðflutningsgjöld til ríkissjóðs af þessum búnaði. Telja verður óréttlátt að Ríkisútvarpið verði að sæta þessu, þar sem t. d. Rafmagnsveitur ríkisins og Póst- og símamálastofnun búa að þessu leyti við allt önnur og betri kjör.

Um þörf Ríkisútvarpsins fyrir umræddan tekjustofn þarf ekki að fjölyrða. Nægir í því sambandi að vísa til fjárfestingaráætlunar fyrir árin 1981 — 83, þar sem mikil uppbygging og styrking dreifikerfis er ráðgerð í flestum sýslum landsins.

#### Fylgiskjal 1.4.

30. mars 1981

Til: Harðar Vilhjálmssonar, fjármálastjóra  
Frá: Jóni E. Böðvarssyni.

#### **Greinargerð um könnun á starfsemi fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.**

Í febrúar 1980 óskaði fjármálastjóri Ríkisútvarpsins eftir aðstoð fjárlaga- og hagsýslustofnunar við könnun á starfsemi fjármáladeildar stofnunarinnar. Eftir forkönnun á væntanlegu verkefni og viðræður fjármálastjóra við útvarpsstjóra, skrifstofustjóra menntamálaráðuneytis og hagsýslustjóra var ákveðið að mynda óformlegan starfshóp til þess að gera könnun á starfsemi fjármáladeildar. Í starfshópnum eru:

Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri,  
Guðbjörg R. Jónsdóttir, starfsmannastjóri,  
Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri.

Fyrsta verk starfshópsins var að skipuleggja könnunina og ákveða forgangsröð þeirra þátta sem kanna átti. Því næst var gerður samningur við Hugverk hf. um athugun á skipulagi og rekstri fjármáladeildar og vann Ólafur Jónsson að þeirri athugun. Skilaði Hugverk hf. skýrslu um þetta efni í apríl 1980. Í þessari skýrslu voru reikningaferli og bókhaldsmerkingu gagna gerð sérstök skil. Ráðgjafinn starfaði áfram að þessari athugun fyrir starfshópin og skilaði annarri skýrslu í ágúst 1980 þar sem hann gerir sérstaka grein fyrir reikningagerð og innheimtu. Í framhaldi af þessu voru hannaðir nýir innheimtuseðlar og gert stóráttak í að ná sem bestum árangri í innheimtumálum stofnunarinnar. Það skal tekið fram, að samband og samráð var haft við alla þá aðila sem þessi könnun snerti, svo sem ríkisendurskoðun, ríkisbókhald og Skýrr.

Í október 1980 var ákveðið að vinna að uppbyggingu áætlanagerðar og eftirlits fyrir Ríkisútvarpið og var gerður samningur við ráðgjafann um þetta verkefni. Segja má að fjárhagsleg áætlanagerð fyrir Ríkisútvarpið þurfi að vera tvíþætt, annars vegar deildaskipt og hins vegar viðfangsefnaskipt. Að sjálfsögðu tekur slík áætlanagerð mið af fjárlögum og miðlar jafnframt upplýsingum (rauntölum) sem nýtast við árlega gerð tillagna stofnunarinnar til fjárlaga. Ríkisútvarpið fór fram á stöðuheimild fyrir deildarhagfræðing fjármáladeildar til þess að sinna þessu nýja verkefni. Ráðninganefnd ríkisins veitti umbeðna stöðuheimild í janúar s. l.

Lokið hefur verið uppbyggingu fjárhagslegs áætlunarkerfis og kynningu á því innan stofnunarinnar. Áætlunarkerfið hefur þegar komið að góðum notum við endurskoðun á dagskrám (sjónvarps og hljóðvarps) vegna fyrirsjáanlegra fjárhagsörðugleika.

Deildarhagfræðingur hefur verið ráðinn til fjármáladeildar og er þess að vænta að áætlanagerð og eftirlit muni skila sér í markvissari rekstri stofnunarinnar.

Það skal tekið fram, að starfshópurinn hefur haldið fundi með ýmsum stjórnendum stofnunarinnar þegar ástæða þótti til. Þá hafa ýmsir starfsmenn tekið þátt í fundum starfshópsins þegar málefni, sem þá vörðuðu, voru til umræðu. Starfshópurinn hefur lagt sérstaka áherslu á að koma samþykktum tillögum í framkvæmd.

Framundan er aðlögun á ýmsum þáttum í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins sem fjárhagsleg áætlanagerð og eftirlit hefur áhrif á.



### Fylgiskjal 1.5.

#### **Samanburður á afnotagjaldi Ríkisútvarpsins og áskriftargjaldi dagblaðs.**

Ár.	Afnotagjald		Samtals:	Áskrift dagblaðs:	Afnotagjald littækis:
	Afnotagjald hljóðvarps:	sjónvarps svart/hvítt:			
1939 .....	30		30	36	
1948 .....	100		100	120	
1953 .....	200		200	240	
1958 .....	200		200	390	
1963 .....	400		400	840	
1968 .....	820	2 400	3 220	1 480	
1973 .....	1 720	3 850	5 570	3 630	
1978 .....	9 500	20 300	29 800	23 915	26 500
1979 .....	12 800	27 000	39 800	39 500	35 800
1980 .....	19 300	39 800	59 100	61 600	54 900

### Fylgiskjal 1.6.

27. mars 1981

Ár.	Hljóðvarp og s/h sjónvarp. Afnotagjald.	Áskriftarverð dagblaðs.	Lágmarkskaup Dagsbrúnar, dagvinna pr. 1. mars hvert ár.
1967 .....	3 020	1 260	48,81
1968 .....	3 220	1 500	50,46
1969 .....	3 300	1 845	56,19
1970 .....	3 580	2 040	67,75
1971 .....	3 980	2 340	83,46
1972 .....	4 400	2 700	110,93
1973 .....	5 570	3 690	138,34
1974 .....	8 100	6 360	206,26
1975 .....	12 200	8 550	264,98
1976 .....	17 500	11 700	341,89
1977 .....	21 200	15 600	473,76
1978 .....	29 800	23 750	697,65
1979 .....	39 800	39 660	1 017,21
1980 .....	59 100	61 600	1 537,20

### Fylgiskjal 1.7.

#### **Fjárfesting Ríkisútvarpsins 1976—1980.**

	1976	1977	1978	1979	1980
Dreifikerfi: a) Hljóðvarps .....	9,8	8,0	89,1	46,4	164,3
b) Sjónvarps .....	24,7	102,7	360,3	617,0	207,1
Litvæðing sjónvarps .....		76,9	94,8	20,1	235,4
	34,5	187,6	544,2	683,5	606,8

Allar tölur eru í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

### Fylgiskjal 1.8.

16. mars 1981.

Framkvæmdir á vegum RÚV við dreifikerfi sjónvarps og hljóðvarps á árinu 1981 eins og þær voru samþykktar af menntamálaráðherra 23. febr. s. l.

Sjónvarp:

a) Endurnýjun	
Stykkishólmur	10 kw
Kalastaðakot	100 w
Þjóðólfsholt	„
Reykhólar	„
Fell	50 w
Glæsibær	„
Djúpivogur	„
Álftafjörður	„
Vatnsdalur	„
Húsavíkurfjall	„

Hljóðvarp:

a) Nýjar stöðvar	
Girðisholt	2,5 kw
Vestfirðir	2 × 10w
Norðurland vestra	1 × 10w
Norðurland eystra	1 × 10 w + 1 × 100 w
Austurland	1 × 10w
Suðurland	1 × 10w
Dagskrárflutningstæki (Skúlagata—Vatnsendi).	
Endurvarpsviðtæki	2 stk.

b) Varabúnaður  
5 stk. 1 watt óstaðsett

c) Nýjar stöðvar	
Hjaltadalur I	10 w
Hjaltadalur II	„
Deildardalur & Unadalur	„
Rauðasandshreppur I	10 w
Rauðasandshreppur II	„
Vatnsnes I	„
Vatnsnes II	„
Háöxl	„
Skriðdalur	„

Áætluð heildarupphæð 8,98 millj. kr. (nóv. 1980).

### Fylgiskjal 1.9.

#### **Stofnframkvæmdir í dreifikerfi hljóðvarps 1981.**

<b>Nýjar stöðvar</b>		<b>Millj. nýkr.</b>
Girðisholt	2,5 kw	0,30
Vestfirðir	2 × 10 w	0,24
Norðurland vestra	1 × 10 w	0,12
Norðurland eystra	1 × 10 w + 1 × 100 w	0,28
Austurland	1 × 10 w	0,12
Suðurland	1 × 10 w	0,12
Dagskrárflutningstæki (Skúlagata—Vatnsendi)		0,10
Endurvarpsviðtæki	2 stk.	0,09
	<b>Samtals millj. nýkr.</b>	<b>1,37</b>

## Fylgiskjal 1.10.BI.1.

### **Dreifikerfi Hljóðvarpsins.**

Dreifing hljóðvarps um Ísland byggist fyrst og fremst á langbylgjusendistöðvum á Vatnsenda og Eiðum, en þar að auki eru reknar nokkrar miðbylgjusendistöðvar og eru stöðvarnar í Skjaldarvík og Hornafirði þeirra veigamestar. Einnig er hægt að taka á móti FM útsendingu sömu dagskrár á ýmsum stöðum á landinu, en uppbygging FM-kerfis hefur gengið mun hægar hér en í flestum öðrum Evrópulöndum vegna fjárskorts.

Langbylgjusendir var fyrst settur upp á Vatnsenda árið 1930 og var þá með stærri sendum í Evrópu. Veitti hann góða þjónustu um allt land, en eftir því sem erlendum stöðvum fjölgaði og afl þeirra óx versnuðu hlustunarskilyrði víða, einkum þó austanlands. Til að bæta úr þessu var settur upp miðbylgjusendir á Eiðum 1938 og afl sendisins á Vatnsenda aukið í 100 kw á sama tíma. Enn seig á ógæfuhliðina og var nauðsynlegt að setja upp nýjan langbylgjusendi á Eiðum 1965, en hann hefur sömu tíðni og sendirinn á Vatnsenda. Engu að síður er langt frá því, að skilyrði séu fullnægjandi um land allt, og er ekki hægt að búast við því, að þau batni nema reistar verði nýjar, aflmiklar stöðvar á lang- eða miðbylgju, og er endurnýjun langbylgjustöðvar á Vatnsenda orðin mjög aðkallandi. Áætlað er að sú stöð verði reist á svæðinu milli Selfoss og Stokkseyrar. Á alþjóðaráðstefnu um lang- og miðbylgjuútvarp, sem haldin var í árslok 1975, var Íslandi úthlutað annarri tíðni á langbylgju-sviðinu, og standa því vonir til að hlustunarskilyrði geti batnað með nýjum stöðvum, þrátt fyrir síversnandi ástand á langbylgjusviðinu í heild. Vegna strjálbýlis og vegna þess, hve fiskimiðin eru víðáttumikil, er óhjákvæmilegt að nota langbylgjusviðið sem meginuppistöðu í dreifikerfi hljóðvarpsins. Hins vegar eru sífellt meiri kröfur gerðar til hljómgaða í sambandi við flutning tónlistar og þessum kröfum er ekki hægt að fullnægja nema með notkun FM stöðva.

Á árinu 1979 voru settar upp nýjar FM-endurvarpsstöðvar á Dalvík og Ólafsfirði. Á Höfn í Hornafirði var settur upp 2,5 Kw FM-sendir og út frá honum endurvarpsstöðvar að Borgarhöfn, á Almannaskarði og í Lóni. Á árinu 1980 voru settar upp endurvarpsstöðvar í Bárðardal, á Djúpavogi, í Álftafirði, Hörgárdal, Öxnadal, Bolungarvík, Axarfirði og á Vopnafirði, en í Vestmannaeyjum, á Háfelli og í Vík í Mýrdal voru nýjar endurvarpsstöðvar settar upp í stað eldri stöðva, sem teknar voru úr notkun, en standa munu þar áfram sem varastöðvar.

Alls eru nú starfræktar 12 styrkmótaðar og 33 FM-mótaðar útvarpsstöðvar (sjá kort H 6133 A). Útsendingar í stereó hófust hinn 20. desember 1980, en uppbyggingu FM-kerfisins hafði verið þannig hagað, að unnt var að nota það til stereóútsendinga án nokkurra breytinga á sendakerfinu.


Þar sem FM-dreifingin frá Reykjavík til Vesturlands og Vestfjarða annars vegar og til Suður- og Suðausturlands hins vegar er um endurvarpsstöðvar, geta stereóútsendingar náð til þessara svæða nú þegar. Dreifing útvarpsföfnis til Norður- og Austurlands er aftur á móti um dagskrárlínur, sem ekki hafa flutningsgetu fyrir stereódagskrá. Af þessari ástæðu ná stereóútsendingar enn ekki til þessara landshluta, en vonir standa til, að unnt verði að setja upp nýja dagskrárlínu snemma næsta árs, sem geri slíkan flutning kleifan.

Á þessu ári verður settur upp 2 500 watta FM-sendir á Girðisholti á Mýrum. Auk þess verða settar upp 7 smærri FM-endurvarpsstöðvar víðsvegar á landinu.

Í framkvæmdatillögum RÚV er gert ráð fyrir uppsetningu 12 endurvarpsstöðva á árinu 1982 og 1983. Með þessum framkvæmdum má ætla að FM-útvarp verði komið til flestra landsmanna 1984.

FM-sendar þessir verða í flestum tilfellum staðsettir í sömu húsum og sjónvarpsstöðvarnar eru í og er stofnkostnaður því nánast kaupverð tækjabúnaðar, þar eð aðstaða er þegar fyrir hendi.

DREIFIKERFI HLJÓÐVARPS  
1. JANÚAR 1981



H-6133 A



## Fylgiskjal 1.12.

### Listi yfir hljóðvarpsstöðvar starfræktar á Íslandi 1. janúar 1981

Staðsetning	Tíðni	Sendiafl	Útgeislað afl
<b>A. Styrkmótaðar stöðvar á langbylgju og miðbylgju (AM):</b>			
1. Vatnsendi	209 KHZ	100 Kw	50 Kw
2. Eiðar	209 „	20 „	10 „
3. Höfn í Hornaf.	666 „	5 „	4 „
4. Skjaldarvík	738 „	5 „	4 „
5. Húsavík	1 413 „	20 w	2 w
6. Hellissandur	1 386 „	20 „	2 „
7. Raufarhöfn	1 485 „	20 „	2 „
8. Kelduhverfi	1 485 „	20 „	2 „
9. Ólafsfjörður	1 485 „	20 „	2 „
10. Siglufjörður	1 512 „	20 „	2 „
11. Dalvík	1 512 „	20 „	2 „
<b>B. Tíðnimótaðar stöðvar á últrabylgju (FM):</b>			
1. Vestmannaeyjar	97,1 MHZ	2 500 w	10 kw
2. Neskaupstaður	91,0 „	10 „	40 w
3. Raufarhöfn	94,2 „	30 „	100 „
4. Vatnsendi	93,5 „	2 500 „	2 500 „
5. Reykjavík	98,0 „	100 „	100 „
6. Vík	91,2 „	10 „	5 „
7. Háfell	93,8 „	1 250 „	4 370 „
8. Varmahlíð	96,5 „	100 „	160 „
9. Hegranes	90,6 „	1 250 „	4,6 KW
10. Stykkishólmur	88,0 „	1 000 „	5 KW
11. Bæir	99,0	10 „	18 w
12. Arnarnes	89,0 „	10 „	40 „
13. Vaðlaheiði	91,6 „	1 kw	3,5 kw
14. Ólafsvík	98,8 „	10 w	65 w
15. Siglufjörður	99,0 „	10 „	40 „
16. Goðafoss	99,8 MHZ	10 „	53 „
17. Fljótsheiði	87,5 „	10 „	13,3 „
18. Húsavíkurfjall	97,3 „	10 „	20 „
19. Gagnheiði	99,8 MHZ	5 kw	12,50 kw
20. Höfn	90,3 „	1,25 kw	1 250 w
21. Borgarhöfn	97,3 „	10 w	40 „
22. Almannaskarð	88,5 „	10 „	32 „
23. Lón	97,5 „	10 „	13 „
24. Dalvík	91,6 „	10 „	16 „
25. Ólafsfjörður	90,5 „	10 „	16 „
26. Vopnafjörður	93,5 „	10 „	20 „
27. Hörgárdalur	94,3 „	10 „	40 „
28. Öxnadalur	88,9 „	10 „	34 „
29. Bárðardalur	93,5 „	10 „	16 „
30. Djúpivogur	93,5 „	10 „	12 „
31. Álftafjörður	99,5 „	10 „	30 „
32. Axarfjörður	90,7 „	10 „	16 „
33. Bolungarvík	93,5 „	10 „	30 „

### Fylgiskjal 1.13.

#### Samþykktar framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps 1981

a) Endurnýjun:		Millj. nýkr.
Stykkishólmur	10 kw	2,70
Kalastaðakot	100 w	0,17
Þjóðólfsholt	„	0,17
Reykhólar	„	0,17
Fell í Sléttuhlíð	10 w	0,10
Glæsibær	„	0,10
Djúpivogur	„	0,10
Álftafjörður	„	0,10
Vatnsdalur	50 w	0,15
Húsavíkurfjall	„	0,15
b) Varabúnaður:		
5 stk. 1 watt óstaðsett	0,08 × 5	0,40
c) Nýjar stöðvar:		
Hjaltadalur I Viðvík	10 w	
Hjaltadalur II	„	14 bæir
Deildardalur & Unadalur	„	
Rauðasandshreppur I	10 w	
Rauðasandshreppur II	„	
Vatnsnes I	„	
Vatnsnes II	„	
Háóxl	„	
Skriðdalur	„	
	Alls 9 stöðvar	3,30
	Samtals millj. nýkr.	7,61

### Fylgiskjal 1.14.

#### Dreifikerfi Sjónvarpsins

Í þeim áætlunum, sem Póstur og sími gerði og sjónvarpsnefndin tók upp í skýrslu sína í mars 1964, var dreifikerfi íslenska Sjónvarpsins ráðgert sem endurvarpskerfi. Sendistöðvar í slíku kerfi mynda keðju, þar sem hver stöð fær merki sitt frá næstu stöð á undan og endurvarpar því á ný. Kostir þessa kerfis voru fyrst og fremst lágur stofnkostnaður og stuttur byggingartími. Ókostir þess eru hins vegar, að gæði rýrna eftir því sem lengra dregur frá sjónvarpsstöðinni í Reykjavík, að bilun á einni endurvarpsstöð hefur víðtæk áhrif og að hætta er á truflunum frá erlendum stöðvum, með því að mikil fjarlægð milli sumra endurvarpsstöðva útheimtir notkun rása á lágum tíðnum (tíðnisvið 54—68 MHz), en á því tíðnisviði berast útsendingar helst til Íslands erlendis frá og valda hér truflunum. Vegna þessara ókosta við endurvarpskerfið þótti rétt að hafa í huga frá upphafi, að endurvarpsaðferðin yrði seinna lögð niður að hluta. Var þess vegna gerður greinarmunur milli **aðalstöðva** og **endurvarpsstöðva**. Aðalstöðvar eru eins konar hnútsstöðvar á stóru svæði, jafnvel landsfjórðungi; þær eru aflmiklar vegna þess að þær eiga að þjóna stóru svæði eða koma dagskráefni áleiðis til annarra stöðva í mikilli fjarlægð. Það, sem mest aðgreinir þó aðalstöðvar frá endurvarpsstöðvum, er hæfni þeirra til að taka við dagskráefni eins og það kemur frá sjónvarpsstöðinni eða frá dagskrárlínu. Dagskrárlínur sjónvarps eru yfirleitt örbylgjusambönd (í tíðnisviðinu 7 GHz), sem hafa þann kost, að myndgæði eru miklu meiri en við sendingu myndarinnar yfir

miklar fjarlægðir á lægri tíðnum. Aðrir kostir örbylgjusambanda eru minni bilanahætta og útilokun erlendra truflana.

Dreifikerfið hefur verið byggt upp með 9 aðalstöðvum og 102 endurvarpsstöðvum (sjá kort), en hins vegar var fyrstu örbylgjusamböndum fyrir flutning á dagskrárefni milli aðalstöðva ekki komið á fyrr en í árslok 1974, en á árinu 1980 var svo lokið við að tengja allar aðalstöðvar með örbylgjusamböndum, þegar stöðvarnar í Vestmannaeyjum og á Háfelli voru tengdar við sjónvarpsstöðina í Reykjavík.

Á árinu 1979 voru aðalsendar sjónvarps á Gagnheiði og Háfelli báðir endurnýjaðir, en auk þess voru settar upp sjónvarpsendurvarpsstöðvar á 9 stöðum. Þessir staðir eru: Þorlákshöfn, Lón, Almannaaskarð, Hrauneyjafoss, Skaftártunga I, Skaftártunga II, Vopnafjörður, Laxárdalur og Bárðardalur.

Á árinu 1980 voru settar upp sjónvarpsendurvarpsstöðvar á 6 stöðum. Þessir staðir eru Mosfellssveit, Girðisholt, Búlandshöfði, Jökuldalur, Fljótsdalur og Tjörnes.

Á þessu ári verður gert stóráttak í styrkingu og við stækkun á dreifikerfinu.

Sjónvarpsendurvarpsstöðvar í Stykkishólmi, sem er 10 000 wött, verður endurnýjaður og verður það væntanlega í júlímánuði. Jafnframt verða endurnýjaðir sjónvarpsmagnarar á eftirtöldum stöðum:

Kalastadakot á Hvalfjarðarströnd.  
Þjóðólsholt við Hvítá í Borgarfirði.  
Reykhólar við Breiðafjörð.  
Fell og Glæsibær við Skagafjörð.  
Djúpivogur.  
Álftafjörður (S-Múlas.).  
Vatnsdalur.  
Húsavíkurfjall.

Stór hluti þessa búnaðar, sem verið er að endurnýja, er 10 ára eða eldri, en það er eðlilegur endingartími. Prálátar og síendurteknar rafmagnsbílanir hafa haft hin verstu áhrif á tækin og leiða til þess, að frekari endurnýjun þarf að fara fram á næsta og næstu árum.

Þá eru á þessu ári fyrirhugað að reisa allt að 18 nýjar endurvarpsstöðvar.

Undirbúningsvinna að stöðvum í:

Hjaltadal (2 stöðvar),  
Hofsós (Deildardalur, Unadalur),  
Rauðasandshreppi (2 stöðvar),  
Vatnsnesi (2 stöðvar),  
Háöxl (Öræfi),

Skriðdal er langt komin, og nú er að hefjast undirbúningsvinna að sjónvarpsendurvarpsstöðvum í eftirtöldum hreppum:

Norðurárdalshreppi,  
Kolbeinsstaðahreppi,  
Árneshreppi,  
Seyluhreppi,  
Skefilsstaðahreppi,  
Reykdælahreppi,  
Vallahreppi,  
A-Eyjafjallahreppi.

Þá er fyrirhugaður flutningur og endurbygging endurvarpsstöðvar að Saurhól í Dalasýslu.

Afl endurvarpsstöðvar á Girðisholti á Mýrum verður aukið úr 50 wöttum í 1000 wött, en það er forsenda fyrir því, að koma megi viðunandi merki til endurvarps í Norðurárdals- og Kolbeinsstaðahreppa.





Að þessum framkvæmdum loknum, en það mun vart verða fyrr en snemma árs 1982, verða enn á annað hundrað býli með slæm eða ónothæf sjónvarpsskilyrði. Býli þessi liggja þó það dreift að vart næðist nema til tveggja býla með hverri nýrri endurvarpsstöð, og nokkuð víða má sjá að allt að tvær endurvarpsstöðvar þyrfti til þess að ná til seinustu býlanna.

Sumar þessara stöðva lægju einnig það fjarri raflinum að kostnaður við hverja stöð yrði langt umfram framreiknaðan meðalkostnað þeirra stöðva sem reistar hafa verið undanfarin ár.

Áætlaður meðalkostnaður endurvarpsstöðvar í ár er 370 þús. krónur.

Í framkvæmdatillögum RÚV fyrir 1982 og 1983 er gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun tækjabúnaðar og aukningu sendiafls á nokkrum stöðum. Hæst ber þar endurnýjun tveggja aðalsenda, þ. e. a. s. á Vaðlaheiði og Skálafelli, en báðir sendarnir verða þá orðnir nær 15 ára gamlir.

FYLGISKJAL 1. 15.

Listi yfir starfræktar stöðvar í dreifikerfi

síðnavns 1. janúar 1981.

Stöðvarheiti	Staðsetning	Opnunard.	Rás	Sendi_afl	Mesta útg. afl
<u>A. Aðalstöðvar:</u>					
1.	Reykjavík	Vatnsendahæð	24.12.65	10 1 kW	10 KW
2.	Vestmannaeyjar	Stóra-Klif	29. 9.65	5 % 2,0 "	39 "
3.	Stykkishólmur	Borgarholt	17. 5.67	3 10 "	90 "
4.	Skálafell	Skálafell	22.12.67	4 10 "	300 "
5.	Háfell	Háfell	23.12.67	7 10 "	1100 "
6.	Vaðlaheiði	Vaðlaheiði	1.12.68	6 10 "	490 "
7.	Hegranes	Hegranes	13.12.68	8 1 KW	12 "
8.	Gagnheiði	Gagnheiði	1.12.69	4 10 "	80 "
9.	Blönduós	Hnjúkar	14. 5.71	9 1 "	20 "
<u>B. Endurvarpsstöðvar:</u>					
1.	Grindavík	Þorbjarnarfell	29. 1.67	8 1 W	5 W
2.	Vík Mýrdal	Reynisfjall	9. 4.67	11 10 "	100 "
3.	Selfoss	Símastöð	15. 8.67	7 1 "	0,8 "
4.	Kópavogur	Borgarsjúkrahús	8. 9.67	8 1 "	3 "
5.	Búðardalur	Kambenes	23.10.67	6 15 "	30 "
6.	Skáney	Skáneyjarbunga	20.12.67	11 15 "	38 "
7.	Hreppar	Langholt	23.12.67	8 50 "	50 "
8.	Búrfell	Sámsstaðamúli	23.12.67	11 1 "	1 "
9.	Skipalón	Skipalón	1.12.68	10 1"	2 "
10.	Eyjafjarðardalur	Háls	1.12.68	8 50 "	250 "
11.	Dalvík	Hóll	1.12.68	11 50 "	250 "
12.	Hornafjörður	Símastöð Höfn	8.12.68	11 50 "	666 "
13.	Tungusveit	Eggjar	13.12.68	11 50 "	200 "
14.	Snæfjallaströnd	Bæir	15.12.68	8 5 "	75 "
15.	Arnarnes	Radíóstöð	15.12.68	5 1 "	5 "
16.	Bolungarvík	Óseyri	15.12.68	10 1 "	5 "
17.	Þatreksfjörður	Radíóstöð	15.12.68	6 15 "	10 "
18.	Síglufjörður	Hvanneyrarskál	1.12.69	10 1 "	1 "
19.	Ólafsfjörður	Nes	1.12.69	9 1"	6 "
20.	Goðafoss	Hrútey	1.12.69	8 50 "	45 "
21.	Húsavík	Húsavíkurfjall	1,12,69	5 15 "	400 "
22.	Seyðisfjörður	Seyðisfjörður	1.12.69	8 1 "	4 "
23.	Norðfjörður	Skuggahlíð	1.12.69	8 1 "	7 "
24.	Eskifjörður	Hólmaháls	1.12.69	8 1"	4 "

25.	Reyðarfjörður	Borgarfell	1.12.69	11	1 W	4 W
26.	Heiðarfjall	Heiðarfjall	1.12.69	5	500 "	5 KW
27.	Djúpivogur	Bændahóll	13. 2.70	10	1 "	2,5 W
28.	Hjaltadalur	Viðvík	10. 3.70	5	1 "	18 "
29.	Stöðvarfjörður	Sjónarhraum	17. 3.70	11	1 "	4 "
30.	Saurhóll	Saurhóll	1. 4.70	10	1 "	4 "
31.	Breiðdalsvík	Annarþúfa	6. 4.70	11	1 "	4 "
32.	Súðavík	Súðavík	4. 9.70	10	1 "	20 "
33.	Fljótsheiði	Háimelur	8.12.70	11	100 "	2,5 KW
34.	Hólmavík	Skeljavíkurháls	15.12.70	5	1 "	7 W
35.	Síða	Hátún	18.12.70	10	15 "	50 "
36.	Þverfjall	Þverfjall N.-Ís.	19.12.70	9	1 "	4,5 "
37.	Fáskrúðsfjörður	Merkigil	20.12.70	8	1 "	2 "
38.	Botnsheiði	Súgandafj. N.-Ís	22.12.70	11	1 "	5,5 "
39.	Kleif	Súgandafj. N.-Ís	22.12.70	7	1 "	8 "
40.	Hrútafjarðarháls	Hvítabjarnarhóll	8. 3.71	11	100 "	1,5 kw
41.	Önumdarfjörður	Holt	12. 3.71	7	1 "	4 W
42.	Vopnafjörður	Hraunlína	30. 4.71	10	2,5 "	10 "
43.	Kelduhverfi	Auðbjargarstaðir	7. 5.71	8	100 "	2 KW
44.	Þjóðólfsholt	Þjóðólfsholt	1. 8.71	9	100 "	600 W
45.	Borgarnes	Símastöð	1. 8.71	5	10 "	12,5 "
46.	Borgarfjörður	ey.Hamar	29.10.71	8	1 "	3 "
47.	Jökuldalur	Háurð	3.11.71	11	1 "	2,5 "
48.	Svarfaðardalur	Hvarf	27.11.71	7	1 "	6,5 "
49.	Tálknafjörður	Þinghóll	18.12.71	8	1 "	2,5 "
50.	Vatnsdalur	Skriða	18.12.71	6	15 "	350 "
51.	Bíldudalur	Haganes	19.12.71	7	1 W	1,5 W
52.	Sléttuhlíð	Glæsibar	26. 1.72	5	15 "	100 "
53.	Straumnes	Fell	27. 1.72	11	15 "	200 "
54.	Haganesvík	Neðra-Haganes	29. 1.72	7	1 "	6,5 "
55.	Fljót	Ketilás	29. 1.72	9	1 "	30 "
56.	Miðfjarðardalur	Bjarg	2. 3.72	7	15 "	200 "
57.	Vföðdalur	Vföðhlíð	19. 4.72	5	1 "	20 "
58.	Öxl	Axlarhólar	1. 6.72	8	15 "	120 "
59.	Dýrafjörður	Sandafell	16.11.72	8	15 "	150 "
60.	Hvalfjörður	Kalastaðakot	5.12.72	11	100 "	600 "
61.	Reykhólar	Reykjanes	8.12.72	7	100 "	650 "
62.	Trékyllisvík	Krossnes	12.12.72	5	1 "	4 "
63.	Ólafsvík	Vallnaholt	18.12.72	8	100 "	1,5 KW
64.	Engidalur	Ísafjörður	18. 7.73	11	1 "	6,5 W
65.	Sigalda	Sigölduvirkjum	22. 8.74	8	1 "	6,5 "
66.	Klofningsdalur	Klofningur	20. 9.74	10	0,2 "	1 "
67.	Ingjaldssandur	Sæból	20. 9.74	8	1 "	6,5 "
68.	Mjólká	Langavatn	22. 9.74	5	1 "	6,5 "
69.	Alftafjörður	Ósnes	10. 6.76	8	15 "	100 "

70.	Ólafsfjörður	Sínstöð	5. 5.77	11	10mw	100 mw
71.	Staðarborg	Breiðdalur	8.12.77	8	10 W	50 W
72.	Vestmannaeyjar	Kaupstaðurinn	16.12.77	7	1 "	4 "
73.	Hnífsdalur	Félagsheimilið	21. 6.78	11	10mw	100 mw
74.	Sandgerði	Sandgerði	27.10.78	6	2,5 W	5 W
75.	Mjóifjörður	Brún	27.10.78	9	1 "	0,5 "
76.	Kollafjörður	Kollafjarðarnes	9.11.78	7	10 "	100 "
77.	Dranganes	Heiðabær	9.11.78	7	2,5 "	28,5 "
78.	Grundarfjörður	Akurtraðir	30.11.78	6	50 "	500 "
79.	Hörgárdalur	Öxnhóll	10.12.78	8	1 "	6,7 "
80.	Öxnadalur	Bægisá	10.12.78	11	10 "	50 "
81.	Bakkafloi	Höfn	11.12.78	8	10 "	50 "
82.	Borgarhöfn	Hestgerði	14.12.78	9	2,5 "	25 "
83.	Blöndudalur I	Tunguesmúli	20.12.78	5	1 "	5 "
84.	Blöndudalur II	Austurhlíð	20.12.78	7	1 "	5 "
85.	Svartárdalur	Bólstaðarhlíð	20.12.78	11	1 "	10 "
86.	Flaga (BB-stöð)	Flaga í Breiðdal	21.12.78	6	1 "	10 "
87.	Þorlákshöfn	Hlíðarendi	1. 6.79	8	10 "	50 "
88.	Almannaskarð	Í landi Fjarðar	1. 3.79	5	1 "	10 "
89.	Lón	Byggðarholt	1. 3.79	7	10 "	90 "
90.	Hrauneyjafoss	Hrauneyjafossvirkjun	8.79	5	2,5 "	12 "
91.	Skafártunga I	Miðfell	29.11.79	11	1 "	7 "
92.	Skafártunga II	Berjafell	29.11.79	5	2,5 "	6 "
93.	Vopnafjörður	Nípur	8.12.79	8	2,5 "	25 "
94.	Laxárdalur	Njálstaðir	15.12.79	11	2,5 "	6 "
95.	Bárðardalur	Halldórestaðir	18.12.79	5	2,5 "	6 "
96.	Mosfellssveit	Víðines	27. 6.80	6	10 "	200 "
97.	Girðisholt	Miðhús	10. 7.80	7	50 "	630 "
98.	Búlandshöfði	Búlandshöfði	31.10.80	23	1 "	5 "
99.	Jökuldalur	Surtarkollur	20.11.80	8	10 "	25 "
100.	Fljótsdalur	Hjarðarból	29.10.80	5	10 "	50 "
101.	Tjörnes	Tjörnesviti	8.10.80	7	1 "	4 "
102.	Stykkishólmur	Borgarholt	31.10.80	11	50 "	250 "

## Fylgiskjal 1.16.

**Bæir á Íslandi, sem búist er við, að hafi slæm eða ónothæf myndgæði á sjónvarpi.**

<b>Hreppur, sýsla</b>	<b>Bæjarheiti</b>	<b>Myndgæði</b>
Kjósarhreppur, Kjós.	Ingunnarstaðir Fremri-Háls	Slæm Slæm
Hvalfjarðarstr. hr., Borg.	Hurðarbak Svarfhóll	Ónothæf Ónothæf
Skorradalshreppur, Borg.	Hagi	Ónothæf
Lundarreykjadalshr., Borg.	Iðunnarstaðir Hóll	Slæm Slæm
Norðurárdalshr., Mýr.	Sveinatunga Krókur Háreksstaðir Hóll Skarðshamar Glitstaðir	Slæm Slæm Ónothæf Slæm Ónothæf Ónothæf
Hraunhreppur, Mýr.	Hítardalur Helgastaðir	Slæm Ónothæf
Kolbeinsstaðahr., Hnapp.	Hraunholt Hallkelsstaðahlíð Heggsstaðir Mýrdalur Tröð Skjálg	Slæm Slæm Ónothæf Ónothæf Slæm Slæm
Eyjahreppur, Hnapp.	Höfði	Slæm
Breiðavíkurhreppur, Snæf.	Malarrif	Slæm
Skógarstrandarhr., Snæf.	Stóri-Langidalur Vífilsdalur	Slæm Ónothæf
Hörðudalshr., Dalas.	Breiðabólstaður Svarfhóll	Slæm Ónothæf
Miðdalahreppur, Dalas.	Kross	Ónothæf
Haukadalshreppur, Dalas.	Sælingsdalur	Ónothæf
Hvammshreppur, Dalas.	Kleifar 2 bæir	Ónothæf
Saurbæjarhreppur, Dalas.	Gautsdalur Brekka Borg Skáldstaðir	Slæm Slæm Ónothæf Slæm
Geiradalshreppur, A-Barð.	Hofstaðir Klettur	Slæm Ónothæf
Reykhólahreppur, A-Barð.	Melanes Móberg Saurbær	Ónothæf Slæm Slæm
Gufudalshreppur, A-Barð.		
Rauðasandshreppur, V-Barð.		

Hreppur, sýsla	Bæjarheiti	Myndgæði
	Stakkar	Slæm
	Lambavatn	Slæm
	Geitagil	Slæm
	Hnjótar	Ónothæf
	Efri-Tunga	Slæm
	Hvalsker	Slæm
Suðurfjarðahreppur, V-Barð.	Dufansdalur	Ónothæf
	Foss	Ónothæf
Ketildalahreppur, V-Barð.	Selárdalur	Ónothæf
	Fremri-Uppsalir	Ónothæf
	Neðri-Bær	Ónothæf
	Fífustaður	Ónothæf
	Feigsdalur	Ónothæf
	Grænahlíð	Ónothæf
	Fremri-Hvesta	Ónothæf
Auðkúluhreppur, V-Ís.	Lokinhamrar	Slæm
	Hrafnabjörg	Slæm
	Laugaból	Ónothæf
	Ós	Ónothæf
	Hrafseyri	Slæm
Pingeyrarhreppur, V-Ís.	Arnarnúpur	Ónothæf
	Svalvogar	Ónothæf
	Brekka	Ónothæf
	Grandi	Ónothæf
	Staður I	Ónothæf
	Staður II	Ónothæf
	Bær	Ónothæf
	Sólstaðir	Ónothæf
Súðavíkurhreppur, N-Ís.	Dvergasteinn	Ónothæf
	Svarthamar	Ónothæf
	Eyri	Slæm
	Kleifar	Ónothæf
	Hestur	Slæm
Ögurhreppur, N-Ís.	Hvítanes	Slæm
	Skarð	Ónothæf
	Kleifar (Skötufirði)	Ónothæf
	Borg	Ónothæf
	Hjallar	Ónothæf
	Birnustaðir	Ónothæf
	Hrafnabjörg	Ónothæf
	Eyri	Slæm
	Heydalur	Ónothæf
	Botn	Ónothæf
	Hörgshlíð	Ónothæf
	Svansvík	Slæm
	Reykjarfjörður	Ónothæf
	Múli	Ónothæf
	Skjaldfönn	Slæm
	Kirkjuból	Slæm
	Fremribakki	Slæm
	Laugaból	Ónothæf
	Laugarholt	Slæm
	Reykjarfjörður	Ónothæf
	Djúpavík	Ónothæf
Árneshreppur, Strand.		





<b>Hreppur, sýsla</b>	<b>Bæjarheiti</b>	<b>Myndgæði</b>
Lýtingsstaðahreppur, Skag.	Tunguháls I	Slæm
	Goðdalir I	Slæm
	Goðdalir II	Slæm
	Giljar	Ónothæf
	Litla-Hlíð	Ónothæf
Hofshreppur, Skag.	Brúarland	Ónothæf
	Eyrarland	Ónothæf
	Kambur	Ónothæf
	Háleggsstaðir	Ónothæf
	Skuggabjörg	Ónothæf
	Stafshóll	Slæm
	Stekkjاربól	Ónothæf
	Hólkot	Ónothæf
Holtshreppur, Skag.	Deplar	Ónothæf
Siglufjörður	Þrasastaðir	Ónothæf
Ólafsfjörður	Reyðará	Ónothæf
Óxnadalshreppur, Eyj.	Karlsstaðir	Ónothæf
Saurbæjarhreppur, Eyj.	Engimýri	Ónothæf
	Eyvindarstaðir	Ónothæf
	Draflastaðir	Ónothæf
	Pormóðsstaðir	Ónothæf
	Leyningur	Ónothæf
	Villingadalur	Ónothæf
	Grimskerði	Ónothæf
Hálshreppur, S-Þing.	Helluvað	Ónothæf
Skútustaðahr. S-Þing.	Árhvammur	Ónothæf
Reykðalahreppur, S-Þing.	Kasthvammur	Ónothæf
	Halldórsstaðir	Slæm
Óxarfjarðarhreppur, Svalbarðshreppur, N-Þing.	Gilhagi I	Slæm
	Hóll	Slæm
	Ormarslón	Ónothæf
	Sveinungsvík	Ónothæf
	Syðri-Brekkur I og II	Ónothæf
Sauðaneshreppur, N-Þing.	Haugsstaðir	Slæm
Vopnafjarðarhreppur, N-Múl.	Burstafell	Slæm
	Böðvarsdalur	Slæm
	Eyvindarstaðir	Ónothæf
	Merki	Ónothæf
	Arnórsstaðir	Ónothæf
	Unaós	Ónothæf
Jökulsdalshreppur, N-Múl.	Hallormsstaður (húsmæðraskólinn)	Slæm
Hjaltastaðahreppur, N-Múl.	Eyrarteigur	Slæm
Vallahreppur, S-Múl.	Arnhólsstaðir	Slæm
Skriðdalshreppur, S-Múl.	Geitdalur	Ónothæf
	Hátún	Ónothæf
	Kambanes	Ónothæf
Stöðvarhreppur, S-Múl.	Sómastaðir	Ónothæf
Reyðarfjarðarhreppur, S-Múl.	Þorvaldsstaðir	Slæm
Breiðdalshreppur, S-Múl.	Tungufell	Slæm
Beruneshreppur, S-Múl.	Melshorn	Ónothæf
	Eyjófsstaðir	Ónothæf

<b>Hreppur, sýsla</b>	<b>Bæjarheiti</b>	<b>Myndgæði</b>
Búlandshreppur, S-Múl.	Strýta	Ónothæf
Geithellnahreppur, S-Múl.	Hamarssel	Ónothæf
Hofshreppur, A-Skaft.	Kvísker	Ónothæf
	Hnappavellir I	Ónothæf
	Hnappavellir II	Ónothæf
	Hnappavellir III	Ónothæf
	Hnappavellir IV	Ónothæf
Hörgslandshreppur, V-Skaft.	Núpsstaður	Slæm
	Kálfafell I og II	Slæm
	Blómsturvellir	Ónothæf
	Dalshöfði	Slæm
	Pverá	Ónothæf
Skaftártunguhreppur, V-Skaft.	Ljósstaðir	Ónothæf
Kirkjubæjarhreppur, V-Skaft.	Svinadalur	Slæm
Hvammshreppur, V-Skaft.	Heiðarsel	Ónothæf
A-Eyjafjallahreppur, Rang.	Höfðabrekka	Ónothæf
V-Eyjafjallahreppur, Rang.	Drangshlíðardalur	Ónothæf
Grafningshreppur, Árn.	Skógar (3 not.)	Ónothæf
Gnúpverjahreppur, Árn.	Syðsta-Mörk	Slæm
	Stóri-Háls	Slæm
	Ásólsstaðir	Ónothæf

### **Fylgiskjal 1. 17.**

Formenn útvarpsráðs hafa verið þessir:

Skipunardagur:

- 20.11.1929 Helgi Hjörvar.
- 8. 5.1935 Sigfús A. Sigurhjártarson.
- 27. 4.1939 Jón Eyþórsson.
- 15. 4.1943 Magnús Jónsson.
- 15.10.1946 Jakob Benediktsson.
- 7.12.1949 Ólafur Jóhannesson.
- 5. 1.1954 Magnús Jónsson.
- 8. 1.1957 Benedikt Gröndal.
- 27. 8.1959 Sigurður Bjarnason.
- 29.12.1959 Benedikt Gröndal.
- 3. 1.1972 Njörður P. Njarðvík.
- 17. 3.1975 Þórarinn Þórarinsson.
- 29.12.1978 Ólafur R. Einarsson.
- 25. 2.1980 Vilhjálmur Hjálmarsson.

Útvarpsstjórar hafa verið þessir:

- 1. 1.1930 — 22. 1.1952 Jónas Þorbergsson.
- 1. 2.1952 — 31.12.1967 Vilhjálmur Þ. Gíslason.
- 1. 1.1968 Andrés Björnsson.

## Fylgiskjal 1. 18.

### Starfsmenn Ríkisútvarpsins 1. mars 1981.

Nafn:	Starfsheiti:	
Andrés Björnsson .....	útvarpsstjóri	
Guðbjörg Jónsdóttir .....	starfsmannastjóri	
Margrét Lúðvíksdóttir .....	fulltrúi	
Halldóra Ingvadóttir .....	fulltrúi	( <sup>2</sup> / <sub>3</sub> starf)

#### I. Fjármáladeild

Hörður Vilhjálmsson .....	fjármálastjóri	
---------------------------	----------------	--

#### 1. Aðalskrifstofa

Porkell Hjörleifsson .....	aðalbókari	
Eydís Eypórsdóttir .....	aðalféhirðir	
Guðrún Óðinsdóttir .....	fulltrúi	
Alma Guðmundsdóttir .....	fulltrúi	
Inga Guðmundsdóttir .....	fulltrúi	( <sup>1</sup> / <sub>2</sub> starf)
María Ásgeirsdóttir .....	fulltrúi	( <sup>1</sup> / <sub>2</sub> starf)
Ragnheiður Þórðardóttir .....	féhirðir	

#### 2. Innheimta

Theodór Georgsson .....	deildarstjóri	
Páll M. Jónsson .....	skrifstofustjóri	
Guðmundur Guðmundsson .....	innheimtufulltrúi	
Ingólfur Kristbjörnsson .....	fulltrúi	
Margrét Jónsdóttir .....	skráningarstjóri	
Ragnar Þorsteinsson .....	fulltrúi	
Ólafur Guðmundsson .....	fulltrúi	
Karen Olgeirsdóttir .....	féhirðir	
Erla Ottósdóttir .....	fulltrúi	
Katrín J. Björgvinsdóttir .....	féhirðir	
Soffía Sigurjónsdóttir .....	féhirðir	( <sup>1</sup> / <sub>2</sub> starf)
Björg Símonardóttir .....	skrifstofumaður	
Sigrún Tryggvadóttir .....	skrifstofumaður	
Guðrún B. Jóhannsdóttir .....	skrifstofumaður	
Hrefna Kristjánsdóttir .....	skrifstofumaður	
Guðbjörg Ingimundardóttir .....	símavörður	
Gyða M. Hjartardóttir .....	skrifstofumaður	(lausráðin)

#### 3. Auglýsingar (hljóðvarp)

Þorbjörg Guðmundsdóttir .....	auglýsingastjóri	
Guðrún Tómasdóttir .....	fulltrúi	
Helga S. Melsted .....	skrifstofumaður	
Ingveldur Thorsteinson .....	skrifstofumaður	
Guðrún Indriðadóttir .....	skrifstofumaður	( <sup>1</sup> / <sub>2</sub> starf)
Steinunn Stefánsdóttir .....	skrifstofumaður	

Pórgunnur Ásgrímsdóttir	skrifstofumaður	(1/2 starf)
Guðrún Jónsdóttir	innheimtumaður	
Erla Erlendsdóttir	innheimtumaður	
Guðjón Kristmannsson	innheimtumaður	
Kristjón V. Helgason	innheimtumaður	

## II. Hljóðvarpið

Guðmundur Jónsson	framkvæmdastjóri	
-------------------	------------------	--

### 1. Aðalskrifstofa

Gerður Guðmundsdóttir	þulur	
Jóhannes Arason	þulur	
Jón Múli Árnason	þulur	
Pétur Pétursson	þulur	
Ragnheiður Á. Pétursdóttir	þulur	
Margrét Guðmundsdóttir	fulltrúi	
Sigrún Sigurðardóttir	fulltrúi	
Ingibjörg Guðnadóttir	matráðskona	(3/4 starf)
Ingibjörg Þorsteinsdóttir	skrifstofumaður	
Stefán Helgason	húsvörður	
Elín Hjálmsdóttir	símavörður	(3/4 starf)
Guðný Kristinsdóttir	símavörður	
Ingibjörg Árnadóttir	upplýsingaþjónn	
Ásta Albertsdóttir	símavörður	(1/2 starf)
Kristín Sigurjónsdóttir	símavörður	(3/4 starf)
Sigurður G. Jónsson	sendimaður	
Sigurður Benediktsson	sendimaður	
María Pálsdóttir	sendimaður	(lausráðin)

### 2. Mötuneyti

Áslaug Árnadóttir		(2/3 starf)
Helga Stefánsdóttir		(1/2 starf)
Baldvina Magnúsdóttir		(1/2 starf)

#### Nafn:

### 2. Dagskrárdeild

Hjörtur Pálsson	dagskrárstjóri	
Jón Örn Marinósson	varadagskrárstjóri	
Páll H. Jónsson	dagskrárfulltrúi	
Jónas Jónasson	dagskrárfulltrúi	
De øvrige poster i avgiftsoppgaven kreves inntil videre ikke legitimert ved innsendelse av bilag. En gjør i denne forbindelse merksam på bl. a. at eksportangivelsene ikke skal sendes inn. Eksportangivelsene skal oppbevares av den avgiftspliktige og forevises på forlangende.

*Antallsoppgaven* post d. «Materiell ellers» — spesifiseres i følgende 4 undergrupper:

1. Apparater for opptak og gjengivelse av lyd og/ eller bilder ( $\frac{1}{3}$  avgiftsgrunnlag).
2. Forsterkere.
3. Høytalere.
4. Øvrig materiell.

Oppgaveskjemaer fås ved henvendelse til Toll- og avgiftsdirektoratet.

*Avgiftsbetalingen (forskriftenes § 10).*

Ved innbetaling oppgis registreringsnummer.

*Regnskapshold (reglenes § 2).*

Det skal opprettes og føres bl. a. egne konti for avgiften og avgiftspliktig omsetning (avgiftsgrunnlaget). Det skal videre føres lagerregnskap som viser tilgang, avgang og beholdning av avgiftspliktig materiell.

Avgiftspliktig materiell som overføres til eget utsalg, omsettes direkte til forbruker eller uttas til eget bruk skal såfremt de ikke faktureres på vanlig måte, daglig registreres i særskilt regnskap som viser:

1. Dato for salg/levering/overføring.
2. Materiellets art (varenummer) og mengde.
3. Pris og avgiftspliktig verdi (beregningsgrunnlaget for avgift).
4. Avgiftsbeløpet.

Regnskapet avsluttes for hver måned og sum beregningsgrunnlag og avgiftsbeløp overføres avgiftsoppgaven for vedkommende måned.

Bokført salg/levering/overføring skal kunne legitimeres ved bilag.

**Regler for fraføring og tilintetgjørelse av defekt, ukurant materiell på lager samt regler for fraføring av materiell brukt til utskifting av defekt materiell i garantitiden.**

**I. Defekt, ukurant materiell på lager.**

Tilintetgjørelse av defekt og ukurant materiell må skje under kontroll av Toll- og avgiftsdirektoratet eller tollvesenet. Dog kan det ved tilintetgjørelse av høytalere forholdes som nevnt under pkt. II. Materiell som tilintetgjøres og som er regi-

strert i varebeholdningen, fraføres i lagerregnskapet under henvisning til tilintetgjørelseserklæring.

**II. Materiell brukt til utskifting av defekt materiell i garantitiden (2 år).**

Materiellet fraføres ubeskattet i lagerregnskapet under henvisning til nota for garantireparasjon. Utskiftet, defekt materiell tilintetgjøres under kontroll av firmaets revisjon eller 2 av firmaets ansvarlige funksjonærer. Tilintetgjørelseserklæringer utstedes og forevises på forlangende for avgiftskontrollen.

**Avgiftsrefusjon.**

For registrerte tilvirkere/importører gjelder inntil videre følgende regler for refusjon:

*Retur*

Betalt avgift for returvarer er fradragsberettiget i avgiftsoppgavene på vilkår av at:

- a. vare- og avgiftsbeløpet for de returnerte varer er godskrevet kunden,
- b. varene er returnert innen 2 år regnet fra faktureringsdato.

Avgiftsavregning for returvarer som nevnt bør skje i den avgiftstermin varereturnen finner sted.

Kreditnota må være påført henvisning til returvarens faktura(er).

*Uerholdelige fordringer.*

Mot innsendelse av søknad til Toll- og avgiftsdirektoratet kan det tilstås refusjon for betalt avgift på uerholdelige fordringer. Med søknaden må følge gjenpart av brev vedrørende fordringsanmeldelse eller inkasso, kontoutskrift og kopi av den (de) faktura(er) som tapsposten skriver seg fra. Videre må søknaden være legitimert ved sluttmelding fra skifterett eller bobestyrer (akkordkommisær) eller erklæring fra kreditorforening eller inkassobyrå (saksfører) om at vedkommende fordring er uerholdelig.

Som en prøveordning inntil videre vil avgift vedrørende uerholdelig fordringer i konkursbo kunne tilbakebetales uten avventing av boets formelle slutning i de tilfeller hvor refusjonssøknaden er vedlagt erklæring fra skifterett eller bobestyrer om at boets midler er utilstrekkelige til å dekke dividende til uprioriterte krav. Refusjonsbeløpet blir i tilfelle utbetalt med forbehold i påvente av boets endelige slutning. Det påhviler refusjonssøkeren å underrette Toll- og avgiftsdirektoratet om denne.

Søknadsfristen er 3 år regnet fra den dag faktura over varene er utferdiget.

Såfremt bobehandlingen (akkord- eller konkursbo) ikke er avsluttet innen nevnte 3 års-frist, vil fristen kunne avbrytes ved innsendelse av forhånds-søknad.

*Utenlandske misjoner (ambassader og legasjoner) og deres personell.*

Avgiften vil bli refundert mot innsendelse av søknad bilagt faktura som viser hva som er betalt i avgift.

Bestemmelsen gjelder for materiell som er kjøpt her i landet.

Søknaden må være forsynt med ambassadens eller legasjonens stempel.

*Utenlandsk NATO-personell.*

Avgiften refunderes ved utførsel, når søknad på spesielt skjema NATO-form IV sendes inn. Søknaden må være underskrevet av den som til enhver

tid har fullmakt til dette på hovedkvarterets vegne og må vedlegges:

tollregning som viser hva som er betalt i avgift ved innførsel eller

faktura som viser hva som er betalt i avgift ved kjøp her i landet.

Sverre Løvaas

Torgeir Langerak

Vedlegg.

**Forskrifter om avgift på radio- og fjernsynsmateriell m. v.**

(Fastsatt av Kirke- og undervisningsdepartementet den 10. mars 1976 med hjemmel i kongelig resolusjon 17. september 1965, jfr. § 12 i lov 24. juni 1933 nr. 13 om kringkasting.)

§ 1.

Avgiftsplikten for innenlandsk selger (heretter kalt tilvirker) oppstår når materiellet leveres, overføres til eget utsalg eller uttas til eget bruk, jfr. § 2 i kongelig resolusjon 17. september 1965. Avgiftsplikten for importør oppstår når materiellet innføres til landet.

§ 2.

Toll- og avgiftsdirektoratet kan på vilkår som det setter, tillate at avgiftspliktig materiell uten avgiftsberiktigelse utleveres fra tollvesenet til tilvirker eller importør (engrosforhandler).

Toll- og avgiftsdirektoratet kan også tillate at avgiftspliktig materiell uten avgiftsberiktigelse overføres fra en tilvirker/importør til en annen tilvirker/importør.

§ 3.

Er avgiftsplikten oppstått, må den avgiftspliktige betale avgiften selv om materiellet ikke lenger er i behold.

§ 4.

Den som tilvirker avgiftspliktig materiell for salg skal gi melding om det til Toll- og avgiftsdirektoratet. Salg kan ikke skje før slik melding er gitt.

I meldingen må det gis opplysning om virksomhetens art, det materiell som skal tilvirkes og omsettes, virksomhetens beliggenhet og lokaler og hvem som er daglig leder. Endringer i nevnte forhold må meldes.

Tilvirkning og lagring av avgiftspliktig materiell må bare finne sted i lokaler som det er gitt melding om.

§ 5.

Ved levering av avgiftspliktig materiell fra avgiftspliktig virksomhet skal det utferdiges faktura i minst 2 likelydende eksemplarer hvorav ett eksemplar sendes varemottakeren snarest mulig etter vareutleveringen, mens det andre eksemplar skal oppbevares i virksomheten på en måte som er hensiktsmessig for kontrollen. Fakturaer skal være

datert, fortløpende nummerert og inneholde fullstendig oppgave over varemottakerens navn og adresse, materiellets art, mengde og pris.

Beregnet avgift skal komme som egen tilleggspost i fakturaen med mindre avgiften er beregnet for hvert varenummer og anført i egen rubrikk med sluttsum. Dersom avgiften beregnes som egen tilleggspost i fakturaen, må avgiftspliktig materiell føres samlet for seg.

Sum beregningsgrunnlag for avgiften skal i alle tilfelle framgå av fakturaen.

Avgiftspliktig materiell som føres over til eget utsalg eller tas ut til eget bruk, skal daglig registreres i særskilt regnskap etter bestemmelser som gis av Toll- og avgiftsdirektoratet.

§ 6.

Materiell som skal avgiftsberiktiges ved tollbehandling skal oppgis til avgiftsberiktigelse ved at det samtidig med den alminnelige tollangivelse gis særskilt angivelse i 2 eksemplarer. Angivelsen skal inneholde fullstendige opplysninger om materiellets art, mengde og deklartert pris eller fastsatt verdi.

Importør som har tillatelse til avgiftsfri import av avgiftspliktig materiell, skal avgi skriftlig erklæring til tollvesenet i 2 eksemplarer om at materiellet straks etter mottakelsen vil bli regnskapsregistrert og betryggende oppbevart og anvendt til produksjon og/eller avgiftsberiktiget ved videre salg. Blankett for avgiftsangivelse fastsettes av Toll- og avgiftsdirektoratet.

§ 7.

De avgiftspliktige skal føre fullstendige prislister over alt avgiftspliktig materiell som bl. a. viser avgiftsgrunnlag og avgiftsbeløp.

Ajourførte prislister skal sendes Toll- og avgiftsdirektoratet.

§ 8.

Avgiftspliktige skal for hver termin, jfr. § 9, sende Toll- og avgiftsdirektoratet oppgave over levert avgiftspliktig materiell som viser:

1. Sum avgiftspliktig verdi av materiell levert til handlende og brukere med sum beregnet avgift.
2. Sum avgiftspliktig verdi av materiell levert til eget utsalg med sum beregnet avgift.
3. Sum avgiftspliktig verdi av materiell uttatt til eget bruk med sum avgift.
4. Sum avgiftspliktig verdi av materiell levert uten beregning av avgift til andre avgiftspliktige.
5. Sum avgiftspliktig verdi av materiell levert uten beregning av avgift mot brukserklæring.
6. Sum avgiftspliktig verdi av materiell levert til mottaker i utlandet.
7. Sum avgiftspliktig verdi av materiell som er mottatt i retur med sum tidligere beregnet avgift.
8. Sum avgiftspliktig verdi av materiell som er mottatt i retur, men hvor avgift tidligere ikke er beregnet, jfr. pkt. 4 og 5.
9. Sum beregningsgrunnlag for avgiften og sum pliktig avgiftsbeløp.

Som bilag til avgiftsoppgaven skal sendes inn oppgave som viser det antall som i vedkommende termin er levert av:

- a. mottakere for lydkringkasting.
- b. mottakere for billedkringkasting — sort/hvitt,
- c. mottakere for billedkringkasting — farger,
- d. materiell ellers.

Avgiftsoppgaven skal være underskrevet av den avgiftspliktige eller en som kan forplikte ham og være attestert av virksomhetens revisor.

Toll- og avgiftsdirektoratet fastsetter blankett for oppgaven.

#### § 9.

Oppgaven gis terminvis. Hver termin omfatter en kalendermåned. Oppgaven må være kommet til Toll- og avgiftsdirektoratet innen 1 måned og 20 dager etter utløpet av hver termin eller fra tids-

punkt for virksomhetens opphør. Oppgave skal sendes inn for hver termin selv om levering av avgiftspliktig materiell ikke har funnet sted i terminen.

#### § 10.

Avgiften forfaller til betaling ved utløpet av oppgavefristen og betales til Toll- og avgiftsdirektoratet.

For avgift på importert materiell gjelder samme forfall som for toll.

#### § 11.

Tjenestemenn fra Toll- og avgiftsdirektoratet har i kontrolløyemed adgang uanmeldt til å undersøke tilvirkers og importørs produksjons- og lagerlokaler samt andre rom i forbindelse med virksomheten, jfr. § 5 i kongelig resolusjon 17. september 1965. De kan kreve seg forelagt til gjennomsyn virksomhetens regnskap med bilag. Toll- og avgiftsdirektoratet fastsetter de nærmere bestemmelser som det av hensyn til kontrollen finner påkrevd for undersøkelse av en anmeldt virksomhets lokaler.

Vedkommende virksomhets eier eller styrer er pliktig til å yte tjenestemannen den nødvendige hjelp og veiledning.

#### § 12.

Kontrollens tjenestemenn har taushetsplikt om og forbud mot å gjøre bruk av kjennskap til drifts- og forretningsforhold, formues- og inntektsforhold og personlige forhold som de får under utøvingen av kontrollvirksomhet. Taushetsplikten og forbudet opphører ikke ved fratredelse av tjenesten.

#### § 13.

Disse forskrifter tar til å gjelde 15. april 1976.

### Regler om avgift på radio- og fjernsynsmateriell m. v.

(Fastsatt av Norsk rikskringkasting 16. desember 1969 og 21. mai 1976 i henhold til Stortingets vedtak av 12. desember 1969, jfr. Budsjettinnst. S. nr. 12, Tillegg nr. 1 av 4. desember 1969 § 2, og senere årlige budsjettvedtak, og kongelig resolusjon av 17. september 1965, § 4, 1. ledd.)

#### § 1.

Det gjelder følgende regler om grunnlaget for beregning av avgift på radio- og fjernsynsmateriell:

Avgiften beregnes av vedkommende tilvirkers/importørs høyeste pris eksklusive særavgift og merverdiavgift for materiellet ved salg til detaljforhandler, uansett om salg foregår direkte til detaljforhandler eller ikke.

For materiell som innføres for videresalg gjennom detaljforhandler og som ikke er tillatt innført uten avgiftsberiktigelse, jfr. § 2 i forskrifter gitt av Kirke- og undervisningsdepartementet 10. mars 1976, legges til grunn for avgiftens beregning den ved tollbehandlingen av importøren deklarererte høyeste pris eksklusive særavgift og merverdiavgift for

materiellet ved salg til detaljforhandler. Nevnte pris oppgir importøren ved tollbehandlingen ved avgivelse av skriftlig erklæring i 2 eksemplarer.

For materiell som innføres av detaljforhandler og forbruker, legges til grunn for avgiftens beregning den verdi som fastsettes av Norsk rikskringkasting.

Norsk rikskringkasting fastsetter også den verdi som skal legges til grunn for avgiftens beregning når materiell fra tilvirker/importør bare leveres/omsettes direkte til forbruker enten umiddelbart eller gjennom utsalg som helt eller delvis tilhører tilvirkeren/importøren eller som tilvirkeren/importøren på annen måte er økonomisk interessert i eller står i et interessefelleskap med.

Hvis importør selger materiellet til en høyere

pris enn oppgitt og lagt til grunn ved avgiftsberegningen ved tollbehandlingen, er han forpliktet til straks å innberette og betale til Toll- og avgiftsdirektoratet differansen mellom avgift beregnet etter den faktiske pris og avgift betalt ved tollbehandlingen.

§ 2.

De avgiftspliktige er forpliktet til å innrette bokføringen slik at avgiftskontrollen til enhver tid kan kontrollere leveranser og uttak av avgiftspliktig

materiell, beregnet og betalt avgift. De avgiftspliktiges lagerregnskap, skal vise tilgang, avgang og beholdning av avgiftspliktig materiell til enhver tid.

De nærmere bestemmelser om bokføring m. v. gis av Toll- og avgiftsdirektoratet.

Regnskapene skal til enhver tid være ajourført.

Regnskap med bilag — herunder kopier av fakturaer og andre regnskapsbilag — samt tilhørende korrespondanse, skal oppbevares i minst 10 år.

## Fylgiskjal 5. 1.

### Fjármögnun útvarpshúss.

	Um áramót								
	80/81	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	
Framkvæmdasjóður (Staða)/Tekjur .....	(23,0)	7,8	7,8	7,9	7,9	7,9	7,9	7,9	78,1
Sala Laugavegs 176 .....							9,0	9,0	18,0
									96,1
Byggingarkostnaður .....	5,8	8,7	13,4	13,4	16,5	15,8	15,8	4,0	93,4
Peningastraumur (-úttreymi) .....		-0,9	-5,6	-5,5	-8,6	-7,9	1,1	12,9	
Staða í lok hvers árs (- lánsfjárbörf)	17,2	16,3	10,7	4,9	-4,0	-11,9	-10,8	2,1 <sup>1)</sup>	
Lánahreyfingar (- nýlán + endurgr.)					-4,0	-7,9	1,1	10,8	

<sup>1)</sup> 2,1 m. kr. afgangur til að mæta fjárhagskostnaði og ófyrirsjáanlegum kostnaði.

## Fylgiskjal 5. 2.

### Skýringar við yfirlit um fjármögnun útvarpshúss.

Staða framkvæmdasjóðs um áramót 80/81 er 23 m. kr. samkvæmt ársreikningum sjóðsins. Þessar 23 m. kr. skiptast í tæplega 6 m. kr. endurmetna fjárfestingu (hönnun og grunnur útvarpshúss), útistandandi skuldir um 5 m. kr. og á bankareikningum um 12 m. kr.

Tekjuáætlun sjóðsins byggir á fjárlögum 1981 og lítills háttar fjölgun sjónvarpstækja.

Fjárlög 1981: Tekjur af seldri þjónustu:

hljóðvarp: 37,3 m. kr.

sjónvarp: 56,6 m. kr.

\_\_\_\_\_

samtals 93,9 m. kr.

Verðlag 1/1:  $93,9 \times \frac{1}{1,21} = > 78$  m. kr.

Tekjur 1981 78 m. kr. á áramótaverðlagi skv. verðlagsforsendum fjárlaga.

Tekjur framkvæmdasjóðs á árinu 1981 eru því  $78 \times 10\% = 7,8$  m. kr.

### Fylgiskjal 5. 3.

19. júlí 1978.

Í tilefni af fjörutíu ára afmæli Ríkisútvarpsins mælti þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, fyrir stofnun byggingarsjóðs til að koma upp viðunandi húsnæði fyrir útvarpið og skipaði byggingarnefnd. Í henni áttu sæti:

Andrés Björnsson útvarpsstjóri, formaður,  
Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, og  
Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins.

Nefnd þessi hefur síðan starfað að undirbúningi byggingarframkvæmda og hafa enn fremur starfað í henni um skeið tveir síðari formenn útvarpsráðs, Njörður P. Njarðvík og Þórarinn Þórarinnsson.

Fyrsti fundur byggingarnefndar var haldinn 28. desember 1970. Ritari hennar var frá upphafi Gunnar Vagnsson fjármálastjóri, en að honum látnum Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri.

Undirbúningstími byggingarframkvæmda er orðinn sem næst sjö og hálf ár, og hefur nefndin haldið 52 fundi, en hraði undirbúningsstarfa hefur verið misjafn og dregið úr honum sum árin, en aldrei fallið niður. Húsameistari ríkisins hafði í upphafi forgöngu um hversu staðið skyldi að verki. Var þá ráðinn hönnunarstjóri, Karl Guðmundsson verkfræðingur, og arkitektar Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, en einnig var leitað um ráðgjöf til erlendra sérfræðinga og urðu Írar fyrir valinu að tillögu E. B. U. (Sambands útvarpsstöðva Evrópu). Samningur var gerður við írsku arkitektafyrirtækið Michael Scott and Partners, sem unnið hafði að byggingaframkvæmdum írsku útvarpsins, en tækniverkfræðingar þess, T. J. Murphy og G. Waters tóku að sér tækniadstoð. Íslensku arkitektarnir, hönnunarstjóri, húsameistari ríkisins og fleiri kynntu sér útvarpshús Íra, en einnig var leitað upplýsinga á Norðurlöndum og víðar, og írskir arkitektar og tæknimenn skoðuðu aðstæður hér.

Hönnuðir að ýmsum verkþáttum byggingarinnar voru valdir 18. júlí 1972, en þeir eru:

1. Vífill Oddsson (burðarþolsútreikningar og undirbúningsathugun).
2. Kristján Flygenring (hönnun hita- og loftræstilagna, vatns- og skolplagna).
3. Gunnar Pálsson (hljómburður).
4. Egill Skúli Ingibergsson (öll raflögn hússins nema útvarpstækjalagnir).
5. Jón D. Þorsteinsson (allur tækjabúnaður).

Á skipulagsupprætti Reykjavíkurborgar hafði verið gert ráð fyrir útvarpshúsi við Háaleitisbraut, en byggingarnefnd hafði frá upphafi í huga, að slíkt hús væri byrjunarframkvæmd og yrði að tryggja sjónvarpinu einnig framtíðarstað á sama svæði. Voru fundir haldnir með þáverandi borgarstjóra Geir Hallgrímssyni og síðar Birgi Ísleifi Gunnarssyni og tóku báðir vel þeirri málaleitan að tryggja Ríkisútvarpinu 5,6 hektara lands við Háaleitisbraut til athafna í framtíðinni.

Endanlega hefur verið gengið frá samningum við Reykjavíkurborg um lóðina og greidd gjöld fyrir þann áfanga, sem nú verður byggður. Er nú ákveðið í samráði við Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að útvarp og sjónvarp skuli fá aðsetur í þeirri byggingu og verður þar rýmra húsnæði en nú er, auk þess sem nú verður fyrst til bygging sérhönnuð fyrir starfseminu, en hún hefur ekki aðeins orðið að búa við þrengsli, heldur einnig ákaflega óhentug húsakynni alla tíð.

Hinn 20. júní síðastliðinn fól menntamálaráðherra Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að bjóða út grunn útvarpshússins. Tekið var tilboði Jarðýtunnar s/f í fyrsta áfanga byggingarinnar (jarðvegsvinnu), sem nú er hafinn. Samkvæmt starfsáætlun, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að útvarpið geti flutt í hús það, sem nú er byrjað að byggja, 1983 og sjónvarp ári síðar. Þörf þessara stofnana fyrir aukið húsnæði gerist næsta brýn. Útvarpið



hefur verið leiguliði í Skúlagötu 4 í næstum 20 ár. Á þessum árum hefur tækjakostur lítt verið endurnýjaður og er nú mjög úr sér genginn sem von er eftir nálega tvöfaldan eðlilegan notkunartíma, en í þessum stað verður ekkert gert til frambúðar, því að útvarpið leigir hjá annarri ríkisstofnun, sem er ört vaxandi og þarf á húsi sínu að halda.

Sjónvarpið býr í eigin húsnæði, svo ætla mætti að þörf þess væri ekki jafnbrýn. Þó er þar þegar farið að gæta þrengsla og fyrirsjáanleg erfið vandamál í þeim efnum innan skamms, og þau verða ekki leyst betur en með bústaðaskiptum. Þörf fyrir nýbyggingu er því ótvíræð.

Stofnun byggingarsjóðs Ríkisútvarpsins var lögfest 1971 með nýjum útvarpslögum, en árlegt framlag til hans er 5% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins. Þrátt fyrir erfiðleika framan af, hefur reynst unnt að halda honum í horfi, þó að hann vilji rýrna eins og annað í verðbólgunni.

#### **Fylgiskjal 5. 4.**

##### **Lauslegt yfirlit um undirbúning húsbýggingar frá júlí 1978 — mars 1981.**

Byggingarnefnd Ríkisútvarpsins hélt hönnunar- og undirbúningsstarfi að húsbýggingu áfram og var samráð haft við ráðgjafa í Dublin. Verulegar breytingar þurfti að gera á loftræstikerfi o. fl., eftir að ákveðið var, að sjónvarp nýtti húsið með útvarpinu.

Annar áfangi framkvæmda, uppsteypa á undirstöðum, leiðslugöngum og gólfplötu 1. hæðar, var nánast fullhannaður og tilbúinn til útboðs um miðjan októbermánuð 1978. Menntamálaráðherra hafði það ár falið samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að annast grunnframkvæmdir og bjóst byggingarnefnd við því, að II. áfangi fengi greiðan framgang. Svo varð ekki og starf nefndarinnar árin 1979 og 1980 einkenndist af baráttu fyrir heimild til útboðs á II. áfanga.

Á fimmtíu ára afmæli Ríkisútvarpsins, 20. des. 1980, heimilaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, stofnuninni að bjóða út II. áfanga byggingar við Háaleitisbraut 60. Hinn 19. janúar 1981 leysti ráðherra af hólmi þá byggingarnefnd, sem setið hafði í rétt 10 ár, og skipaði nýja byggingarnefnd Ríkisútvarpsins.

Í henni sitja: Vilhjálmur Hjálmarsson, Ólafur R. Einarsson, Benedikt Bogason og Hörður Vilhjálmsson, sem skipaður var formaður. Hefur nefndin haldið 6 fundi, boðið út II. áfanga byggingarinnar (3. mars) og voru 18 tilboð í verkið opnuð 24. mars 1981.

Áætlun hönnuða nam 8,3 m. kr. Voru 11 tilboð undir þeirri áætlun, hin lægstu röskar 7,4 m. kr.

Útboð fól í sér, að áfanga þessum verði lokið fyrir 16. des. 1981.

31. mars 1981,  
Hörður Vilhjálmsson.

#### **Fylgiskjal 5. 5.**

Í sambandi við 40 ára afmæli Ríkisútvarpsins var skipuð byggingarnefnd til þess að hafa forgöngu um byggingu útvarpshúss í Reykjavík.

Fyrir meðmæli og milligöngu sambands útvarpsstöðva í Evrópu, leitaði nefndin ráðgjafar írska ríkisútvarpsins um hönnun hússins hér, en Írar voru þá að byggja sér útvarpshús, sem þótti mikið til fyrirmyndar um hagkvæmar nýjungar. Skapaðist fljótt gott samstarf milli þeirra, byggingarnefndar og hinna íslensku hönnuða, sem teikna áttu húsið. Komu Írar hingað nokkrum sinnum vegna ráðgjafarinnar og af sömu ástæðum fóru íslenskir hönnuðir utan, til Dublin og víðar.

Eitt fyrsta og mikilvægasta ráðið, sem Írar gáfu, var að byrja á því að gera sér ljósa grein

fyrir því, hvernig það hús yrði skipulagt, sem að lokum væri hugsanlegt sem aðalstöðvar Ríkisútvarpsins í Reykjavík, þegar ekki yrði byggt meira þar. Ekkert vit væri í að hefja framkvæmdir við 1. áfangann án þess að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig hann gæti skipað eðlilegan og virkan þátt í þeirri heild, sem hugsanlegt er, að byggð yrði á lóðinni, a. m. k. að svo miklu leyti sem spáð verður nú.

Annað veigamesta ráð Íranna var það að miða heildarskipulag þessa hugsanlega loka-áfanga, sem áður var getið, við það, að hann hýsti báðar deildir Ríkisútvarpsins, þ. e. útvarp og sjónvarp. Írar töldu, að það væri of dýrt fyrir smáþjóð að reka þessar tvær deildir sem tvær sjálfstæðar stofnanir, enda treystu þeir sér ekki sjálfir til að gera það, þótt þeir væru margfalt fleiri.

Út frá þessum tveim meginforsendum hefur síðan verið unnið, en jafnframt hefur að sjálfsögðu orðið að hafa fjölmörg önnur atriði í huga við heildarskipulagið, svo sem sveigjanleika í áfangaskiptingu og innréttingum o. s. frv., þar sem fyrrnefndum meginforsendum er ekki gleymt. Hafa Írar ávallt verið boðnir og búnir til að veita hönnuðum og byggingarnefnd öll þau ráð og stuðning, sem þeir hafa getað hverju sinni.

Þetta heildarskipulag, sem nauðsynlegt var að ljúka, áður en farið var að hanna sjálft útvarpshúsið, lá svo fyrir í ársbyrjun 1977. Þetta eru ekki teikningar af húsi, sem á að fara að byggja í náinni framtíð, heldur er þetta lykillingurinn að skipulagi aðalstöðva Ríkisútvarpsins á lóðinni. Við þennan skipulagslykil skulu þeir byggingaráfangar miðaðir, smáir eða stórir, sem reistir verða, hvort sem lokamarkinu verður nokkru sinni náð eða ekki. Utvarpsstjóri var lengi vel hikandi við að hafa þessar teikningar af heildarskipulaginu á glámbekk. Var það af ótta við, að þær yrðu misskildar og menn áttuðu sig ekki á því, að „í upphafi skyldi endirinn skoða“, heldur héldu, að hér væru á ferðinni byggingaráform Ríkisútvarpsins í náinni framtíð, og þar af leiðandi hlytu þessar teikningar sömu örlög og teikningar útvarpshússins á Melunum forðum daga.

Þegar þessi lykillingur að heildarskipulagi var fundinn, var farið að hanna sjálft útvarpshúsið til útbóðs. Byggingarnefnd taldi rétt að láta steypa upp allan skrokk hússins í fyrsta áfanga og ganga frá honum að utan, en innrétta ekki fyrir útvarpið nema þann hluta, sem það þyrfti nauðsynlega á að halda fyrst um sinn. Ástæðan var m. a. sú, að hávaðasamar byggingarframkvæmdir mjög nálægt útsendingarstofum (stúdíóum) mundu lama starfsemi útvarpsins mjög mikið. Taldi nefndin líklegt, að nota mætti þetta umfram-húsnæði á hagkvæman hátt, uns aukin starfsemi útvarpsins sjálfs krefðist þess. Þessi tillaga var svo lögð fram í ársbyrjun 1978.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fjallaði um þessa tillögu á fundi 3. mars 1978 og lagði til, að þessi 1. áfangi yrði látinn hýsa bæði útvarp og sjónvarp, enda mundi aukakostnaður að frádregnu söluverði sjónvarpshúss ekki verða hár (um 300 millj.). Byggingarnefnd féllst á þessa tillögu samstarfsnefndar og fól hönnuðum að gera nauðsynlegar breytingar á teikningum þess vegna.

Við lausn þessa verkefnis tók sérstakur fulltrúi sjónvarpsins mjög virkan þátt, sat hönnunarfundir og var ávallt með í ráðum. Þegar tillaga hönnuða var svo komin á það stig, að hana mætti nota sem umræðugrundvöll, var hún kynnt og skýrð fyrir öllum deildum sjónvarpsins. Var það gert þannig, að hönnuðir héldu fundi með nokkrum starfsmönnum hvarrar deildar fyrir sig, húsnæðið sem deildinni var ætlað skýrt og rætt frá ýmsum sjónarmiðum. Síðan ræddu þessir starfsmenn málið innan deildanna og komu með fjölmargar athugasemdir og tillögur, sem þeir töldu til úrbóta. Segja má, að komið hafi verið til móts við allar þessar tillögur eða því sem næst.

Niðurstæðan lá síðan fyrir í formi þessara teikninga haustið 1979. Auk þess læt ég hér fylgja samanburð á flatarmáli þess húsnæðis, sem útvarp og sjónvarp hafa nú til umræða, og þess húsnæðis, sem deildirnar fengju í húsinu.

Niðurstöður þessa samanburðar eru sem hér segir:

Flokkun svæða eftir notkun	Ríkisútv. hefur			en fær nú	Viðbót %
	Útv.	Sj.v	Samt.		
1. Skrifst., stúdíó og önnur íverusvæði . . . .	1744	3534	5278	9105	72
2. Geymslur . . . . .	541	540	1081	2170	100
3. Vélahús og leiðslugöng . . . . .	505	100	605	3365	456
4. Bílastæði . . . . .	210		210	1160	456

Karl Guðmundsson

Skýrsla, gefin samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, á fundi, sem haldinn var 2. des. 1980.

### Núverandi húsnæði Ríkisútvarpsins.

#### Útvarp.

1. Skrifstofur, stúdíó og önnur íverusvæði:			
Skúlag. 4, 1. hæð: Hluti útvarps í aðalanddyri hússins . . . . .		27 m <sup>2</sup>	
Skúlag. 4, 4. hæð: Fréttastofa, auglýsingar sími og stúdíó . . . . .		265 m <sup>2</sup>	
Skúlag. 4, 5. hæð: Útvarpsstj., aðalskrifst., dagskrárgerð, stúdíó, mótuneyti o. fl. . . . .		704 m <sup>2</sup>	
Skúlag. 4., 6. hæð: Tækniæð, hljómlistardeild o. fl. . . . .		704 m <sup>2</sup>	
Einkaheimili Páls Heiðars Jónssonar . . . . .		14 m <sup>2</sup>	
Háskólabíó: stjórnherbergi (regi) v. upptöku tónleika . . . . .		30 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	1744 m <sup>2</sup>
2. Geymslur:			
Starhagi 2 . . . . .		75 m <sup>2</sup>	
Edduhúsið . . . . .		166 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbraut 12 . . . . .		180 m <sup>2</sup>	
Vatnsendahæð . . . . .		120 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	541 m <sup>2</sup>
3. Vélahús og leiðslugöng:			
Skúlag. 4., þakhæð (ómanngeng): Loftræstiblásarar o. fl. . . . .		485 m <sup>2</sup>	
Skúlag. 4.: Vararafstöð í bakskúr . . . . .		20 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	505 m <sup>2</sup>
4. Bifreiðastæði undir þaki Skúlagötu 4 . . . . .		210 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	210 m <sup>2</sup>
Húsnæði fyrir útvarpið samtals . . . . .		<hr/>	3000 m <sup>2</sup>

#### Sjónvarp.

1. Skrifstofur og önnur íverusvæði:			
Suðurlandsbr. 176, 1. hæð: Anddyri, filmugeymsla, klipping o. fl. . . .		341 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbr. 176, 2. hæð: Skrifstofur, stúdíó, vinnuherb. o. fl. . . . .		2069 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbr. 176, 3. hæð: Skrifstofur o. fl. . . . .		332 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbr. 176, 4. hæð: Skrifstofur o. fl. . . . .		332 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbr. 176, 5. hæð: Mótuneyti og fundarherbergi . . . . .		332 m <sup>2</sup>	
Suðurlandsbr. 176, 6. hæð: Tæknirými . . . . .		18 m <sup>2</sup>	
Grensásvegur: Æfingastúdíó . . . . .		110 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	3534 m <sup>2</sup>
2. Geymslur: Borgartúni 36, 1. og 2. hæð . . . . .		540 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	540 m <sup>2</sup>
3. Loftræstiblásarar Suðurlandsbraut 176 . . . . .		100 m <sup>2</sup>	
		<hr/>	100 m <sup>2</sup>

Húsnæði fyrir sjónvarpið samtals 4174 m<sup>2</sup>

Húsnæði Ríkisútvarpsins er því í apríl 1980 samtals 7174 m<sup>2</sup>

Karl Guðmundsson

Húsrými í nýbyggingu Ríkisútvarpsins að Hvassaleiti 60 ætlað allri starfsemi útvarps og sjónvarps á meðan það endist.

Brúttóstærðir	m <sup>2</sup>	m <sup>2</sup>	m <sup>3</sup>
<b>Leiðslukj.</b>		2 270	6 130
<b>1. hæð:</b>			
Bílastæði .....	1 160		
Vélahús .....	175		
Geymslur o. fl. ....	1 920		
Annað .....	3 845		
	<hr/>	7 100	33 000
<b>2. hæð:</b>			
Geymslur o. fl. ....	250		
Annað .....	4 000		
	<hr/>	4 250	17 160
<b>3. hæð:</b>			
Leiðslug. og tæknir. ....		870	3 450
<b>4. hæð:</b>			
Skrifstofur .....		630	2 330
<b>5. hæð:</b>			
Skrifstofur o. fl. ....		630	2 330
<b>6. hæð:</b>			
Tæknirými .....		50	200
Pakrými .....			4 500
	<hr/>		
	Samtals	15 000	69 100
<b>Samantekt á flatarmáli</b>			m <sup>2</sup>
Skrifstofur og stúdíó og önnur íverusvæði .....		9 105	1744 + 3534 = 5278 + 72,5%
Geymslur .....		2 170	541 + 540 = 1081 + 100%
Vélahús og leiðslug. ....		3 365	505 + 100 = 605 + 456%
Bílastæði .....		1 160	210 + 454%
	<hr/>		
	Samtals	15 800	

FYLGISKJAL 5. 5. Bl. 6.

NÝBYGGING RÍKISÚTVARPSINS við Hvassaleiti 60, Reykjavík.

Framkvæmda- og kostnaðaráætlun, sem miðuð er við að fyrsti byggingaráfangi verði innréttaður fyrir núverandi starfsemi útvarps og sjónvarps.

Kostnaðartölur eru byggðar á fyrri áætlunum, sbr. bréf Ríkisútvarpsins til menntamálaráðherra, dags. 24. maí 1978, en eru nú miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. janúar 1980, sem er 398 stig, og breyttar aðstæður.

VERKHLUTI		Kostn. millj.	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
1.	UNDIRBYGGING								
1.1.	Gröftur og fylling	30							
1.2.	Sökkl., kjall., botnplata	355							
1.3.1.	Skolp- + loftr. lagir í gr.	70							
1.3.2.	Jaróskaut + raflög í gr.	15							
1.4.	Vinnuádst., girðing o. fl.	20							490
2.	YFIRBYGGING								
2.1.	Uppsteypa húss frá botni	710							
2.2.	Raflagnir í steypu	60							
2.6.	Þak	240							
2.7.	Gluggar og útihurðir	270							1280
3.	FRÁG. YFIRBYGGINGAR								
3.2.	Frágangur inniveggja	370							
3.3.	Frágangur gólfa	248							
3.4.	Frágangur stiga	7							
3.5.	Frágangur lofta	100							725
4.	INNRETTINGAR.								
4.1.	Fastar innréttingar	170							
4.2.	Lausar innréttingar	100							
4.3.	Innihurðir	115							
4.4.	Aðrar innréttingar	70							455
5.	ÚTBÚÐUR.								
5.1.	Hreinlætistöki	6							
5.2.	Frárennslislagnir	4							
5.3.	Neysluvatnslagnir	4							
5.4.	Hita- og loftrástilagn.	1090							
5.5.	Raflagnir	150							
5.6.1.	Diesel-rafstöð	1							
5.6.2.	Lyftur	20							
5.7.	Bæjarsími	20							1295
6.	YTRI FRÁGANGUR.								
6.1.	Holræsa- og jarðvatnsl.	7							
6.2.	Frágangur lóðar	155							
6.3.1.	Raflýsing lóðar	8							
6.3.2.	Vatnsgeymir v/brunavarn.	20							190
7.	ANNAD.								
7.1.1.	Hönnun	255							
7.1.2.	Eftirlit og umsjón	70							
7.3.	Gatnagerðargjöld (ógr)	50							
7.4.	Flutningur sjónvarps	745							
7.5.	Aður greitt	195							1315
Aætlaður kostnaður samtals		5750							5750
ÁRLEGUR KOSTNAÐUR		200	550	850	850	1050	1000	1000	250
ÁFALLINN KOSTNAÐUR (um áramót)		200	750	1600	2450	3500	4500	5500	5750
STADA BYGGINGARSJÓBS (um áramót)		750	1320	1890	2460	3030	3600	4170	4740

Tilboð opnuð í II áfanga 24. mars '81, því hliðrast ofangreind tafla um eitt ár og verklok verða um áramót 1986/87.

Reykjavík, 19. febrúar 1980.

FJARMAGN'S TREYMI 6.260 MLL

*Halv Kristmundsson.*

## Fylgiskjal 8. 1.

18. september 1980.

### **Sjónvarpssamband Íslands við Evróvisjón.**

Ísland er á útvarpssvæði Evrópu, samkvæmt skilgreiningu alþjóða fjarskiptasambandsins (UIT), og hefur verið meðlimur í Evrópubandalagi útvarpsstöðva (EBU) síðan það var stofnað árið 1950.

Flest lönd innan EBU hafa með sér sérstaka samvinnu um flutning sjónvarpsefnis milli landa. Hafa viðkomandi lönd komið upp sérstöku dreifikerfi í þessu skyni, sem byggist ýmist á rásum, sem leigðar eru allt árið hjá viðkomandi símamálastjórnnum, eða rásum, sem leigðar eru í sérstökum tilvikum. Kerfi þetta nefnist Evróvisjón. Er það tengt hliðstæðu kerfi í Austur-Evrópu, Intervision, og nær sambandi við aðrar heimsálfur gegnum Intersat og Intersputnik gervihnettina.

Hingað til hefur Ríkisútvarpið ekki getað náð sambandi við Evróvisjónskerfið. Með tilkomu þeirrar jarðstöðvar, sem nú er senn tilbúin við Úlfarsfell í Mosfellssveit, gerbreyst allar aðstæður, og verður þá auðvelt að ná góðu og öruggu sambandi við umheiminn. Hefur Póst- og símamálastofnunin látið búa jarðstöðina þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að flytja sjónvarpsefni bæði til Íslands og frá því. Opnast hér stórkostlegir möguleikar til að bæta fréttáöflun og til beinnar útsendingar á stórviðburðum sem gerast um víða veröld.

En notkun þessarar nýju tækni hefur óhjákvæmilega mikinn kostnað í för með sér.

Verður hér reynt að gera nokkra grein fyrir því, hver hann mundi verða, og þá greint á milli almenns kostnaðar við þátttöku í Evróvisjón, kostnaðar við daglega fréttáöflun og kostnaðar við flutning á öðru dagskrárefni.

### **I. Almennur kostnaður við þátttöku í Evróvisjón.**

Kostnaði við rekstur Evróvisjónar er í flestum greinum skipt hlutfallslega eftir tækjafjölda hvers lands, eftir svokölluðum grunneiningum BU (basic units). Alls eru BU núna 432, en Ísland mundi hafa 3.

**1. Dagskrárkostnaði** er skipt samkvæmt einingafjölda þeirra landa sem hverju sinni standa að kaupum dagskrár. Hefur Ríkisútvarpið tekið nokkurn þátt í slíkum kostnaði fyrir þær Evróvisjónsdagskrár, sem það hefur fengið sendar flugleiðis frá öðrum Evrópulöndum. Ber þar mest á Ólympíuefni.

**2. Stjórnunarkostnaður.** Þátttaka okkar í rekstri tæknimiðstöðvar Evróvisjónar í Bruxelles mundi kosta okkur um 30 000 \$ á ári og í rekstri aðalskrifstofu Evróvisjónar í Genève um 56 000 \$. Er þetta aðskilið frá stjórnunarkostnaði EBU, sem við höfum tekið þátt í að greiða um langt árabíl.

**3. Rekstur talrásakerfis.** Allar Evróvisjónsstöðvar eru tengdar sín á milli með föstum talrásum til að skiptast á upplýsingum, bæði vegna fréttu og annarra dagskrárskipta. Þátttökugjald okkar í rekstri þessa kerfis mundi verða um 15 000 \$ á ári. Tæplega kæmi til, að við þyrftum að taka þátt í þessum kostnaði, nema í ljós kæmi að nauðsynlegt væri að hafa fasta símalínu á leigu hingað.

**4. Myndrásakerfi.** Í einni grein hefur kostnaði Evróvisjónar ekki verið skipt eftir áður-nefndum grunneiningum BU, heldur hefur fyrir myndrásakerfið verið sett upp flóknara reiknikerfi, sem byggist á svokölluðum vision units (VU), sem augljóslega miðar að því að halda í skefjum kostnaði heildarinnar vegna fámennra og fjarlæggra landa. BU einingar eru nú 472, en Ísland mundi hafa 6. Rekstrarkostnaður myndkerfisins er nú um 20 milljónir \$ á ári. Honum er skipt niður á löndin eftir raunverulegri notkun hvers lands. Helmingurinn af þessari upphæð fer til að standa straum af fréttastarfseminni. Væri ekki óvarlegt að áætla, að okkar framlag gæti verið um 150 000 \$, og er þá miðað við að fréttapjónustan sé reiknuð að fullu og að við nýttum 20% af öðru framboðnu dagskrárefni. Til skamms tíma vildi Evró-

visjón ekki taka gervihnetti sem lið í dreifikerfi sínu, en í júlí s. l. ákvað Rekstrarráð EBU (Administrative Council) að leggja fram 13.4 \$ á mínútu í gervihnattanotkun, þegar um er að ræða reglulega þátttöku Íslands, Ísraels, Jórdaníu og Kýpurs í Evróvisjónsskiptum. Þetta framlag getur þó aldrei orðið hærra en samsvarar fastakostnaði við rekstur 250 km. í jarðtengdu dreifikerfi. Sá kostnaður er nú áætlaður um 57 000 \$ á ársfjórðungi.

Af öllu framanskráðu verður ljóst, að þátttaka okkar í Evróvisjón, miðað við fulla þátttöku í fréttaskiptum, mundi kosta árlega 30 000 + 56 000 + 15 000 + 150 000 = 251 000 \$. Frá þessari upphæð drægist áðurnefnt framlag Evróvisjónar, sem yrði 57 000 × 4 = 228 000 \$. Eftir stæðu þá **23 000\$** sem hreinar greiðslur okkar til EBU. Þá er eftir að reikna okkar hlutdeild í gervihnattasendingum, sem gerð er grein fyrir í liðum II. 2 og III. 2 hér á eftir.

## II. Daglegt fréttasamband við Evróvisjón.

1. Fréttaskipti á milli Evróvisjónslanda gerast yfirleitt eftir mynd- og talrásakerfum á jörðu niðri. Fyrir nokkrum árum var þó byrjað að senda 10 mínútna fréttapakka gegnum gervihnött til Ísrael og Jórdaníu, en síðan bættust fleiri lönd við og var pakkinn stækkaður. Er nú svo komið, að allar fréttir sem Evróvisjónslönd skiptast á, eru sendar beint yfir gervihnetti í samtals allt að 90 mínútum á dag. Móttökulöndin eru nú: Ísrael, Súdan, Jórdanía, Egyptaland og Íran. Þessi lönd taka öll sendingar frá gervihnetti Intelsat yfir Atlantshafi (IS4AF2). En frá gervihnetti yfir Indlandshafi (IS4AF6) taka eftirtalin lönd á móti fréttasendingunni: Quatar, Kuwait, Saudi-Arabía, Írak, Oman, Dubai, Bangladesh og Jemen. Þessar útsendingar fara fram daglega kl. 11.00—11.30 (EVN-O) og kl. 16.00—17.00 (EVN—I) samkvæmt GMT. Í þessum daglegu sendingum eru um 50% efnisins frá alþjóðlegum fréttastofum (CBS, Visnews, UPITN), um 45% koma frá sjónvarpsstöðvum Evróvisjónslandanna og um 5% frá Intervision, Suður-Ameríku og Arabalöndum.

2. Evróvisjón hefur náð tiltölulega hagstæðum samningum við jarðstöðvar frönsku og ítölsku símastjórnanna um að flytja þessar fréttasendingar upp í áðurnefnda gervihnetti Intelsats. Er greiðslan 1500 \$ á dag fyrir sendingar í báða gervihnettina. Af þeim borgar EBU 450 \$ á dag fyrir hönd Ísraels og Jórdaníu. Ef Ríkisútvarpið bættist í hópinn, greiddi það þá  $\frac{1}{3}$  af 450 \$. Er þarna um að ræða kostnaðarlið, sem nemur 55 000 \$ á ári. Hann mundi lækka, ef aðildarlöndum fjölgaði. Er nú t. d. til umræðu, að Kýpur bætist í hópinn.

3. Þá er eftir kostnaður við að taka á móti sendingu gervihnattarins hér, þ. e. a. s. gjald fyrir niðurleiðina. Þar þarf að semja við Póst- og símamálastofnunina, fyrir hönd eigenda jarðstöðvarinnar. Hafa viðræður átt sér stað milli hennar og Ríkisútvarpsins um þetta mál. Telur hún sig geta boðið þessa þjónustu fyrir sama gjald og Frakkar og Ítalir hafa tekið fyrir uppleiðina, þ. e. a. s. 1500 \$ á dag. Er það talsvert lægra en hin opinbera gjaldskrá CEPT (Evrópusamband Póst- og símastofnana) gerir ráð fyrir. Hins vegar mun umframkostnaður Pósts og síma vegna þessarar þjónustu vera lægri en 1500 \$ á dag. Með þessu gjaldi gæti Póstur og sími því náð einhverri upphæð til að standa straum af fjárfestingu sinni vegna jarðstöðvarinnar. Árlegar greiðslur til Pósts og síma fyrir fréttabjónustuna eina yrðu því um 500 000 \$ á ári, miðað við 335 daga á ári.

4. Ef taldir er saman allir liðir hér að framan, bæði þeir sem um er fjallað í kafla I og í lið 2 og 3 hér að framan, virðist kostnaður við fulla þátttöku í Evróvisjón og móttöku daglegra fréttasendinga vera um 578 000 \$ á ári, eða sem næst 295 millj. kr.

5. Er þá ótalinn viss kostnaður vegna viðbótarbúnaðar í sjónvarpsstöðina í Reykjavík, sem gæti orðið ca. 300—400 milljónir, og að líkindum þyrfti að bæta við 2 tæknimönnum. Á móti kæmi nokkur sparnaður við daglegar sendingar filmupakka í flugi. Er ljóst, að þessi þátttaka er sjónvarpinu afar erfið, að óbreyttum tekjustofnum, nema þá að stjórnvöld ákvæðu lægra gjald fyrir notkun jarðstöðvarinnar vegna flutnings sjónvarpsefnis. Má í þessu

sambandi benda á, að sú stöðuga og mikla notkun, sem hér er til umræðu, mundi tryggja jarðstöðinni öruggan tekjustofn og stuðla þannig að betri afkomu hennar.

### III. Önnur notkun myndsambandsins

1. Þótt fréttasendingar út hingað yrðu langveigamesti þátturinn í notkun gervihnattarins, er þó nokkurs virði að geta, þegar svo ber undir, sent fréttir utan héðan. Hefur í nokkur skipti komið fyrir að flogið hefur verið með fréttafilmur héðan og þeim komið inni dreifikerfi Evróvisjónar í Glasgow eða Kaupmannahöfn, en í sumum tilvikum hefur ekki orðið af notkun, einungis vegna þess að filmurnar hafa þótt of seint á ferðinni. Er viðbúið að notkun íslenskra fréttamundi vaxa, ef hægt yrði að senda þær gegnum gervihnött. Af því bærum við sjálfir engan sérstakan kostnað.

2. Þá má nefna, að mjög margar þjóðir nota Intelsat-sendingar frá Ólympíuleikjum og stórviðburðum, sem snerta fólk bæði í Ameríku og Evrópu. Tæknilega er unnt að ná slíkum sendingum hér, en um flutningsrétt þarf að sjálfsgöðu að semja hverju sinni. Getum við þá ýmist sent þær beint, eða tekið á myndsegulbönd til sendingar síðar, ef þannig stæði á. Gjald fyrir uppleið slíks efnis ætti að vera tiltölulega lágt fyrir Ríkisútvarpið, ef margar stærri þjóðir eiga þar líka hlut að máli. Niðurleiðin yrði algerlega okkar mál. Ekki liggur annað fyrir en gjaldskrá CEPT mundi verða beitt í þeim tilvikum. Samkvæmt henni kosta fyrstu 10 mínúturnar um 500 000.00 krónur (2300 gullfranka), en hver viðbótarmínúta 17 000.00 krónur (80 gullfranka). Rétt er að taka fram, að þessi gjaldskrá hefur nokkrum sinnum verið lækkuð á seinni árum, og allt bendir til þess að enn muni stefna í sömu átt.

3. Ýmsir þeir viðburðir gerast hér, sem hugsanlegt er að erlendar stöðvar, einkum norrænar, taki í beinni útsendingu, þegar það verður kleift. Er þá allur kostnaður á þeirra vegum.

4. Enn er þá eftir að geta þess möguleika, að efni yrði beinlínis sent upp gagnert fyrir Ríkisútvarpið. Þá mundi þurfa að greiða bæði upp- og niðurleið samkvæmt áður nefndri gjaldskrá CEPT og kostnaður þá verða helmingi hærri en í fyrra dæmi. Er ólíklegt, að um nokkra notkun yrði að ræða upp á þau býti, nema til komi sérstakar ráðstafanir. Hefur verið rætt um samnorrænt átak til að færa Ísland nær öðrum Norðurlöndum hvað snertir skipti á sjónvarpsefni. Eru þau mál nú til umræðu m. a. hjá útvarpsstjórum Norðurlanda. Má í þessu sambandi geta þess, að satmstarfsnefnd norrænu sjónvarps- og símastofnananna, sem hélt fund í Reykjavík 11. og 12. september 1980, varpaði fram þeirri hugmynd, að gjaldskrá fyrir flutning efnis milli Íslands og annarra Norðurlanda yrði ákvörðuð þannig, að kostnaður yrði sambærilegur við kostnað á flutningi efnis eftir jarðtengdu kerfi milli höfuðborga hinna Norðurlandanna. En það væri um 70% afsláttur frá núgildandi CEPT—gjaldi. Þessi hugmynd verður væntanlega tekin til nánari umræðu á sameiginlegum fundi útvarps- og síma-málastjóra Norðurlanda, sem haldinn verður í Osló hinn 25. september n. k.

Þótt verulegur kostnaður sé samfara þessari þjónustu, leggur undirritaður eindregið til, að stefnt verði að nýta jarðstöðina til flutnings sjónvarpsefnis, svo fljótt sem auðið er, og að gerður verði samningur við Evróvisjón um fulla aðild Ríkisútvarpsins að samtökunum, og um nýtingu hinna daglegu fréttasendinga þeirra. Útgjaldaaukning, sem af þessu leiddi, virðist vera á bilinu 5000—6000 kr. á hvert sjónvarpstæki á ári. Sú upphæð yrði að sjálfsgöðu lægri, ef unnt yrði að ná betri kjörum um notkun íslensku jarðstöðvarinnar, en greiðsla til hennar er langsamlega veigamesti kostnaðarliðurinn í þessu máli.

Þá virðist einsýnt að freista þess að nýta alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera til að fá annað efni til beinnar útsendingar, og þá fyrst og fremst að reyna að fylgja eftir áður nefndum hugmyndum um að auðvelða Ríkisútvarpinu að taka upp bein samskipti við Norðurlönd, með samnorrænu átaki.

Með þessu móti mundi verða rutt úr vegi þeim örðugleikum, sem einangruð lega landsins hefur skapað okkur til þessa, og Sjónvarpinu gert kleift að stórbæta þjónustu sína við landsmenn.

Pétur Guðfinnsson.